



27. Fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands

haldið 15. maí 2018

Ársskýrsla stjórnar og starfsnefnda

Inngangur

Starfsár Sjúkraliðafélags Íslands árið 2017 - 2018 hefur verið með hefðbundnum hætti og unnið hefur verið að fjölbreyttum verkefnum.

Framkvæmdastjórn, félagsstjórn og trúnaðarmannaráð SLFÍ hafa látið í sér heyra með ályktunum, blaðaviðtölum og greinaskrifum þar sem málefnum félagsins og skoðunum félagsmanna er komið á framfæri.

Á árinu hefur félagið unnið að því að ná niðurstöðu í það sem samið var um í kjarasamningum 2015 og enn ekki komist til framkvæmda af ýmsum ástæðum. Má þar aðallega nefna bókanir sem samið var

um við ríkið. Unnið hefur verið að uppfærslu stofnanasamninga í takt við ákvarðanir kjaramálanefnda SLFÍ, endurskoðun á sérmenntun sjúkraliða, samskiptum við erlenda samstarfsaðila o.fl.

Félagið hefur yfir að ráða áhugasömu stjórnarfolki og öflugu áhugasömu og kröftugu starfsfólki á skrifstofu félagsins sem leggur sig fram í hvívetna við að þjónusta félagsmenn eins vel og kostur er. Auk þess sem starfsmennirnir vinna að öllum öðrum málum sem inn á borð félagsins koma, eins og t.d. að vinna í nefndum og ráðum þannig að rödd sjúkraliðastéttarinnar heyrst sem víðast úti í samfélaginu.

Skrifstofa félagsins

Starfsmenn félagsins eru:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri
Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri
Sigríður Ríkhardsdóttir skrifstofumaður
Birna Ósk Björnsdóttir skrifstofumaður

Sigurlaug Hrafnkelsdóttir, skrifstofumaður á kjarasviði vann fram á mitt ár 2017

Lilja Laxdal, skrifstofumaður hætti störfum um síðustu mánaðamót, apríl/mái.

Þessum fyrrum starfsmönnum er þökkúð sú góða vinna sem þeir hafa innt af hendi fyrir félagið.

Skrifstofa félagsins hefur haft á að skipa úrvali starfsmanna, sem hefur gert sitt besta til að koma til móts við þarfir félagsmanna í smáu og stóru og þjónusta félagsmenn eins vel og kostur er hverju

sinni. Auk þess sem starfsmenn vinna að framgangi ýmissa annarra mála sem inn á borð félagsins koma.

Einnig var unnið að hefðbundnum málum eins og orlofsmálum, styrkveitingum til náms og námskeiða, aðstoð við að sækja um styrki í styrktarsjóði, skipulagningu náms og námskeiða, kjaramálum o.fl.

Forsvarsfólk félagsins barðist einnig gegn þróun ástandsins í þjóðfélaginu almennt og erfiðu starfsumhverfi sjúkraliða. Allt þetta krefst mikillar skipulagningar, eftirfylgni og á stundum töluverðra átaka.

Gífurleg orka fer í átök og eftirrekstur vegna gerðar og fullvinnslu stofnanasamninga. Auk þess margfaldar það alvarlega ástand sem er í heilbrigðiskerfinu álagið á sjúkraliða þannig að upp kemur fjöldinn allur af vandamálum/átökum sem félagið sinnir.

Þakka má mikilli starfsreynslu, áhuga og vilja starfsmannanna að náðst hefur að vinna að þeim fjölmörgu verkefnum sem leysa þarf á hverjum tíma.

Stjórn Sjúkraliðafélags Íslands

Skipan stjórnar félagsins er frekar fastmótuð. Einungir var ein breyting milli starfsára þegar úr félagsstjórn gekk Stefanía Stefánsdóttir, en hún hætti störfum sem formaður Austurlandsdeildar SLFÍ. Í hennar

Í framkvæmdastjórn sitja :
Kristín Á Guðmundsdóttir formaður,
Kristín Ólafsdóttir varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari,
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri,

Varamenn í framkvæmdastjórn:
Jakobína Rut Daníelsdóttir varagjaldkeri,
Ólöf Jóna Friðriksdóttir vararitari,

stað kom Helga Sveinsdóttir, Neskaupstað, sem tók við sem formaður deildarinnar. Sjúkraliðafélagið vill nota tækifærið og þakka Stefaníu fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu stéttarinnar og félagsins.

Í félagsstjórn sitja formenn svæðisdeilda SLFÍ ásamt framkvæmdastjórn
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir . . . Vesturlandsdeild,
Jóhanna G. Þórðardóttir Vestfjarðadeild,
Guðrún Elín Björnsdóttir, Norðurlandsdeild vestri,
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, . . . Norðurlandsdeild eystri,
Helga Stefánsdóttir, Austfjarðadeild
Helga Sigríður Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild,
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild.
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, . . . Vestmannaeyjadeild.

Trúnaðarmannaráðsfundur 2017

Fjölmennur trúnaðarmannaráðsfundur var haldinn 12. október á síðasta ári.

Fyrir hádegi var aðallega farið yfir undirbúning að kröfugerð félagsins fyrir næstu kjarasamninga. Lífeyrissjóðsmál, upplýsingar um menntamál, þróun sérnáms sjúkraliða og kynning á skoðanakönnun sem gerð hafði verið meðal trúnaðarmanna.

Tíminn eftir hádegi var aðallega nýttur í fræðslu og var

meðal annars fyrirlestri prófessors Ingibjargar Jónsdóttur, Verksamhetschef Institutet för stressmedicin í Gautaborg mikill gaumur gefin. Félagið bauð m.a yfirmönnum heilbrigðisstofnana að hlýða á fyrirlesturinn.

Pá fjallaði Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB um stöðuna í hagkerfinu og Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB gerði grein fyrir tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar og ríkis um styttingu vinnuvikunnar.



Sonja Ýr Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB.



Af Trúnaðarmannaráðsfundi 2017.



Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB á fundi Trúnaðarmanna.



Guðmundur Freyr Sveinsson, fór yfir könnun um trúnaðarmenn.



Prófessor Ingibjörg Jónsdóttir flutti erindi á trúnaðarmannaráðsfundinum.



Formaður félagsins Kristín Á. Guðmundsdóttir á fundi trúnaðarmanna.

Fræðslu og menningarferð starfsmanna skrifstofu

Fundað var á sjúkrahúsinu í Redhill með fulltrúum hinna ýmsu stétta sem starfa á sjúkrahúsinu. Greinilegt var að mörg og aðkallandi verkefni eru til staðar hjá þeim sem reynt er að leysa úr jafnóðum.

Daginn eftir var fundað í aðalstöðvum Unison í London þar sem byrjað var á að kynna fyrir okkur safnið EGA, en það er minnisvarði um Elizabeth Garrett Anderson, lækni sem rak þarna sjúkrahús sem einungis var ætlað konum. Sjúkrahúsið var í eldri hluta hússins þar sem UNISON Center er í og var gefið undir starfsemi verkalýðsfélagsins.



Starfsmenn skrifstofu hjá UNISON í London

Fyrirmyndarstjórnandi ársins

Sjúkraliðafélag Íslands heiðraði Bernard Gerritsma deildarstjóra geðdeildar Sjúkrahúss Akureyrar sem fyrirmyndarstjórnanda ársins í nóvember 2017, en þetta er fimmta árið sem Sjúkraliðafélag Íslands efnir til samkeppni meðal félagsmanna sinna um fyrirmyndarstjórnandann.

Fimm tilnefningar bárust og var mjög erfitt að gera upp á milli margra hæfra einstaklinga. Þeir sem tilnefndir voru eru eftirfarandi í stafrófsröð: Aðalbjörg S. Helgadóttir deildastjóri á Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði, Bernard Gerritsma deildastjóri á geðdeild Sjúkrahúss Akureyrar, Hildur Elísabet Pétursdóttir deildarstjóri og hjúkrunarfræðingur á Hjúkrunarheimilinu Eyri Ísafirði, Ragnheiður Guðmundsdóttir deildastjóri Bráðaöldrunarlækningadeild B4 Fossvogi og Þórunn Bjarney Garðarsdóttir forstöðumaður Múlabæjar. Niðurstaða félagsins var að veita Bernard Gerritsma viðurkenninguna.



Sjúkraliðar með stjórnanda ársins 2017.



Starfsmenn skrifstofu og makar í London.

Ráðstefna um réttindi og stöðu aldraðra

Staða aldraðra á Íslandi er vægast sagt mjög stórt og vaxandi vandamál, ekki eingöngu fyrir þá einstaklinga sem komnir eru yfir miðjan aldur, ættingja þeirra og vini, heldur og ekki síður fyrir þjóðfélagið allt.

Þetta er meginástæða þess að Sjúkraliðafélag Íslands hélt ráðstefnu þann 26. apríl sl., sem fjallaði um öldrunarmál. Til undirbúnings ráðstefnunnar fékk félagið til liðs við sig þau Ingibjörgu Hjaltadóttur á Landspítalanum, Ögmund Jónasson fyrrum heilbrigðisráðherra og formann BSRB og Hönnu Láru Steinsson félagsráðgjafa.

Mikill áhugi er fyrir ráðstefnunnar og tókst hún mjög vel. Nánara verður greint frá ráðstefnunnar í næsta blaði félagsins.

Skýrsla kjaramálanefndar

Skýrsla kjaramálanefndar

Í síðustu kjarasamningum var samið við ríkis- og sjálfseignarstofnanir um launapotta til þess að lagfæra stofnanasamninga félagsins, fyrir árin 2016-17 og 18. Fyrri pottum hefur verið úthlutað en vinnu sem á samkvæmt kjarasamningum að vera lokið fyrir 1. júní 2018 nk. er ekki hafin. Kjaramálanefnd félagsins leggur áherslu á að launapottur 2018 fari til þeirra stofnana sem eftir hefðu setið. Tillögur kjaramálanefndar voru lagðar fyrir félagsstjórn félagsins og var hún samþykkt einróma. Fulltrúar félagsins hafa síðan unnið samkvæmt þeim samþykktum.

Unnið að framkvæmd bókana

Í síðasta kjarasamningi við ríkið var samþykkt m.a. eftirfarandi bókun.

Í nýlegu svari við fyrirspurn (þingskjal 281/2015) frá Alþingi um horfur í mönnun heilbrigðisþjónustunnar kemur fram að innan velferðarráðuneytisins liggur fyrir greining á mönnun einstakra stétta innan heilbrigðisstofnana, þ.á.m. sjúkraliða. Aðilar telja eðlilegt að nýta þá vinnu til skoðunar á þeim umkvörtunarefnum sem fram hafa komið í samningaviðræðum, svo sem miklu vinnuálagi, skertu starfshlutfalli, erfiðleikum við nýliðun í stéttinni og sérstaklega óhóflegri notkun styttri vakta á stofnunum ríkisins.

Í þessu skyni verði gerð úttekt á framangreindum atriðum með áherslu á framkvæmd greinar 2.6.4, um lengd vakta í kjarasamningi aðila. Skipaður verði stýrihópur verkefnisins sem verði samsettur affulltrúum samningsaðila, velferðarráðuneytisins og heilbrigðisstofnana. Ráðinn verði óháður starfsmaður með viðeigandi þekkingu sem aðilar verða ásáttir um. Úttektinni skal lokið fyrir 1. apríl 2016.

Leiði úttektin í ljós að ástæða sé til breytinga hjá einstökum stofnunum verði velferðarráðuneytinu, eða eftir atvikum stofnunum, falið að grípa til viðeigandi ráðstafana. Skal hópurinn upplýstur um framgang þeirra á næstu mánuðum á eftir. Til að auðvelda stofnunum að verða við kröfum um breytingar á vöktum sem kunna að verða gerðar til þeirra skal stýrihópurinn hafa til umræða fjárhæð sem nemur allt að 3 milljónir á ári árin 2016 og 2017 til að styðja við stofnanir af þessum sökum

Til að mæta þessu var settur í gang vinnuhópur sem falið var að skoða lengdir vakta. Send var út könnun á allar ríkisstofnanir og í framhaldi voru tvær stofnanir heimsóttar vegna þess að á þeim stofnunum kom í ljós að mikið var um „stubbavaktir“ og veikindi. Vinnuhópurinn hefur ekki lokið störfum, en hefur lokið

við að skrifa áfangaskýrslu og að hefur unnið að og ýtt undir að breytingar verði á þeim stofnunum sem illa komu út.

Í gangi er sambærileg könnun í samstarfi við Samband Íslenskra sveitarfélaga á stofnunum sem eru á þeirra ábyrgð.

Bókun 8. með kjarasamningi

Bókunin fjallar um að auka eigi greiðslur til menntunarsjóða félagsins og um leið endurskoða verkreglur Starfsmennta- og Starfsþróunarsjóðs félagsins með það að markmiði að vinnuveitendur hafi aðkomu í stjórn Starfsþróunarsjóðsins. Þegar því verði lokið munu atvinnurekendur leggja fram hærra fjármagn til sjóðanna en nú er. Sjúkraliðafélag Íslands hefur allar götur frá árinu 2015 gengið eftir því að unnið verði með bókunina, en áhuginn hefur ekki verið til staðar hjá ráðuneytinu að klára málið og hafa því fundir legið niðri mánuðum saman.

Lífeyrismál

Í síðustu ársskýrslu kom fram að búið væri að gera lagabreytingu á lífeyrissjóðakerfi opinberra starfsmanna, sem geri það að verkum að réttinda ávinnslu kerfið hefur breyst auk þess sem opinberir starfsmenn þurfa að starfa til 70 ára eigi skerðingar ekki að verða meiri en fyrir var. Vegna þeirrar gagnrýni sem fram kom hjá einstökum félögum innan BSRB var ákveðið í samvinnu við önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna að fá álit lögmanna á því að ekki hafi verið farið eftir undirrituðu samkomulagi sem gert var við fjármála ráðuneytið. Niðurstaða álitsins var að ráðuneytið hefðu réttinn sín megin við hverskyns lagabreytingar. Það þýðir með öðrum orðum að heildarsamtökunum hefði verið nær að vinna gegn breytingunni með félagsmönnum sínum (grasrótinni) eins og gagnrýni einstakra félaga fjallaði um.

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands situr fyrir hönd BSRB í nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins sem greina á þörf á því að lífeyristökvaldur tiltekinna starfshópa verði lægri en almennt tíðkast.

Nokkrir fundir hafa verið haldnir í vinnuhópnum og hafa verið lögð fram rök af hálfu bakhóps BSRB í málinu

Hér má sjá áherslu BSRB varðandi þær stéttir sem þarf að skoða sérstaklega varðandi snemmtækinn lífeyrisaldur Fjármálaráðuneytið hefur ráðið Stefán Halldórsson til þess að vinna að skýrslu vinnuhópsins.

Stytting vinnuvikunnar

Stytting vinnutímans er aftur komin á dagskrá í heildarsamningaviðræðum á vinnumarkaði í ríkjum Evrópu, að mati evrópskrar stofnunar stéttarfélaga, EPSU. En því baráttu-

máli var víðast hvar ýtt út af samningaborðinu fyrir og um aldamótin og í kjölfar kreppu.

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands sat fund European Trade Union Institute (EPSU) um vinnutíma sem haldinn var í Brussel 26. október síðastliðinn. Þar var meðal annars kynnt ný handbók fyrir stéttarfélög sem fjallar um þetta efni: The why and how of working time reduction eða: Hvers vegna og hvernig stytta á vinnutíma.

Nánar er fjallað um fundinn í 4. tbl. Sjúkraliðans 2018.

Stytting vinnuvikunnar úr 40 stundum í 36 hefur verið ein helsta krafa BSRB allt frá árinu 2004. Líkt og aðrar kröfur kemur hún beint frá grasrótinni og færast sífellt ofar á forgangslista yfir kjarabætur félagsmanna. Upphaflega brann stytting vinnuvikunnar mun frekar á yngri félagsmönnum aðildarfélaganna, en í dag er það almennt forgangsmál í hugum allra, óháð kyni, aldri, stöðu og fjölskyldugerð.

Til að vinna að framgöngu þessa baráttumáls hefur bandalagið meðal annars beitt sér fyrir því að sett verði í gang tilraunaverkefna svo hægt sé að meta árangurinn af slíkri styttingu hér á landi. Tilraunaverkefni BSRB og Reykjavíkurborgar hefur staðið frá árinu 2015 en tilraunaverkefni BSRB og ríkisins hófst í byrjun apríl 2017.



Kynning á starfsmati Reykjavíkurborgar.

Launaskriðstrygging

Sjúkraliðafélag Íslands hefur mótmælt vinnubrögðum fjármálaráðuneytisins og BSRB varðandi úthlutun á útreiknaðri launaskriðstryggingu sem samið var um í rammasamkomulagi félaganna við fjármálaráðuneytið 2015. Launaskriðstryggingin reiknaðist vera að meðaltali á BSRB félögin 1,3% og kom til greiðslu afturvirkkt um mánaðarmót febrúar /mars árið 2018.

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands gerði alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem viðhöfð höfðu verið af hálfu BSRB og fjármálaráðuneytisins í tengslum við launaskriðs

trygginguna. En tillaga um að færa trygginguna jafnt á öll stéttarfélög sem hafa félagsmenn starfandi hjá ríkinu taldi Sjúkraliðafélagið ekki réttlátt þar sem útreikningar sýndu að nokkur félög voru undir meðaltalslaunum BSRB og önnur jöfn eða hærrí. Formaður félagsins lagðist því alfarið gegn þeirri hugmynd að 1,3% færu jafnt til félaganna. Fram kom á fundi fulltrúa SLFÍ með fulltrúum ráðuneytisins 6. febrúar 2018 að þegar hafi verið ráðstafa 1,3% af launaskriðstryggingunni til stærsta stéttarfélagsins innan BSRB (SFR) án þess að fyrir hafi legið samkomulag innan stjórnar bandalagsins hvernig með trygginguna skyldi farið. Þessi gjörningur gerir það að verkum að SFR tekur stærstan hluta tryggingarinnar til sín þrátt fyrir að vera 0,6% yfir meðaltali BSRB félaga miðað við fyrirbyggjandi skjal sem lagt var fram í stjórn bandalagsins 2. febrúar 2018. Skjalið sem byggir á útreikningum Gunnars Gunnarssonar hagfræðings á tölum og gögnum frá Hagstofu Íslands sýnir fram á að SFR endar í 1,9% yfir meðaltali eða 0,6% yfir launaskriði á almennum markaði. Í þessum sömu gögnum kemur fram að SLFÍ er 1,2% undir meðaltali BSRB félaga og endar því með ef þessi aðferðarfræði er notuð í 0,1% yfir meðaltali BSRB eða 1,2% undir launaskriði almenna markaðarins.

Í 2. t.l.c í Rammasamkomulagi milli aðila vinnumarkaðar frá 27. október 2015 segir "opinberum starfsmönnum sem eru eða gerast aðilar að samkomulagi þessu verður á næstu þremur árum tryggt það launaskrið sem verður á almennum vinnumarkaði umfram launaskrið á opinberum vinnumarkaði (launaskriðstrygging). Horft verður til þeirra hópa á opinberum vinnumarkaði sem skilgreindir eru í skýrslunni "Í aðdraganda kjarasamninga 2015" (kafli 3.2) í þessu samhengi."

Samkvæmt þessari grein á að tryggja opinberum starfsmönnum og þar á meðal sjúkraliðum, það launaskrið sem mælist á almennum markaði, það er alls ekki svo samkvæmt þeirri útfærslu sem nú hefur verið kynnt og sjúkraliðar dragast aftur úr.

Galli aðferðafræðinnar felst í því að þeir sem mynda launaskriðstrygginguna njóta hennar ekki sérstaklega. Þannig njóta félagsmenn SFR sömu tryggingar og sjúkraliðar þrátt fyrir að launaþróun meðal félagsmanna SFR hafi lækkað launaskriðstrygginguna lauslega reiknað um 0,7 prósentur. Þannig hefðu sjúkraliðar fengið 2% launaskriðstryggingu ef félagsmenn SFR hefðu ekki verið taldir með í meðaltali BSRB. Það er því erfitt að líta öðruvísi á þá en svo að SFR gangi freklega fram þegar þeir taka til sín 1,3% launaskriðstryggingu og tryggja sér þannig 0,6% hærrí launahækkun en gerist að meðaltali á almenna markaðnum á sama tíma og sjúkraliðar enda 1,2%

undir meðaltali almenna markaðarins þrátt fyrir að leggja til 0,2 prósentur til hækkunar launaskriðstryggingarinnar.

SLFÍ lýsti því jafnframt yfir að þessi aðferðarfræði væri ekki í samræmi við áður nefnt "Rammaskomulag" Aukinheldur myndi hún leiða til þess að í næstu kjarasamningsviðræðum við SLFÍ yrði verkefnið, áður en lengra yrði haldið, að leiðrétta laun sjúkraliða með tilliti til launaskriðs, sem eigi eftir að jafna. Aðferðarfræðin yrði því dýrari fyrir ríkissjóð þegar uppi er staðið.

Þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið innan BSRB eru ekki til þess fallin að hægt sé að vinna áfram á þeirri vegferð sem mörkuð var í síðustu kjarasamningum. Til þess er félagslega margt óunnið.

Strax að loknum kjarasamningunum 2015 óskaði formaður SLFÍ sem situr í stjórn BSRB margt eftir því að bandalagið hæfi vinnu við að koma á reglum um það hvernig með launaskriðstryggingu skyldi farið innan þess, en fékk jafnóðum þau svör að ekki lægi á þar sem langt væri í land með trygginguna og ekki heldur séð hvort eitthvað kæmi út úr útreikningunum.

Einnig gerði formaður félagsins alvarlegar athugasemdir við þá tregðu sem fram kom hjá starfsmönnum BSRB að leggja fram umbeðnar upplýsingar um útreikninga sem óskað hafði verið eftir.

BSRB er þjónustuskrifstofa við stéttarfélagin og á að vinna í þágu félaganna sem greiða miljónir til bandalagsins í félagsgjöld.

Formaður SLFÍ gerði einnig alvarlegar athugasemdir við það að til ráðuneytisins voru sendar tvíráðar (svo ekki sé meira sagt) upplýsingar af fundi stjórnar BSRB sem voru samhljóma ósamþykktari fundargerð af stjórnarfundi.

Formaður Sjúkraliðafélags Íslands lét bóka um afstöðu sína á 1182. stjórnarfundi BSRB, einnig sendi félagið frá sér erindi með athugasemdum á kjarasvið fjármálaráðuneytisins og afrit á ráðherra. Verið er að skoða með lögmonnum að kæra framkvæmdina til félagsdóms.

Skýrsla uppstillingarnefndar

Skýrsla uppstillingarnefndar Uppstillingarnefnd gerir tillögur um menn í stjórn, nefndir, ráð og önnur störf eða embætti sem fulltrúabing kýs. Vinnan í ár var með hefðbundnu sniði eins og undanfarin ár, send var út auglýsingu í byrjun mars og auglýst eftir framboðum til stjórnar og nefndarstarfa. Að loknum framboðstíma fengu nefndarmenn bréf með þeim nefndum sem þeim var úthlutað til að vinna með og nöfnum þeirra 6 sjúkraliða sem gáfu kost á sér frá formanni nefndarinnar. Meðlimir uppstillingarnefndar öfluðu staðfestingar hjá þeim einstaklingum sem voru að klára sitt kjörtímabil í nefndum um hvort hann gæfi kost á sér aftur eða ekki. Aftur var tekinn saman fjöldi nefndarsæta og nefndarmanna í síðustu uppstillingu og hvernig þau skiptust á milli landshlutadeilda og einnig má sjá fjöldi sjúkraliða í hverri landshlutadeild (*sjá töflu að neðan*).

Samskipti nefndarmanna fóru fram í tölvupóstum og síma, sem er hentugt þegar til þess er litið að nefndarmenn koma frá þremur svæðisdeildum. Þetta fyrirkomulag hefur að mestu leyti reynst mjög vel.

Í ár verða þó nokkrar breytingar í uppstillingarnefnd sem var kosin til 3 ára 2016 en fer núna aftur í kjör þar sem formanna skipti verða á næsta þingi SLFÍ og nefndin fylgir formanskjóri.

Uppstillingarnefndina skipuðu á liðnu starfsári: Jóhanna Traustadóttir, (RVKD) formaður, Hafðís Dögg Sveinbjarnardóttir (DSNE), Jakobína Rut Daniélsdóttir (RVKD), Þórhildur Una Stefánsdóttir (RVKD), Soffía Líndal (DSNE) og varamennirnir, Stella Levy (VLD), Ásdís Þorsteinsdóttir (RVKD). Ekki gefa allir nefndarmenn kost á sér áfram og er þeim sem eru að hætta þakkað fyrir samstarfið í gegnum árin.

Tillögur uppstillingarnefndar í framkvæmdastjórn, stjórn starfsþróunar sjóðs og starfsnefndir Sjúkraliðafélags Íslands

Hlutföll landshlutadeilda SLFÍ í starfsnefndum fyrir starfsárið 2017-2018

DEILD og fjöldi sjúkraliða	Starfsnefndar sæti	Félags stjórn	Framkvæmda stjórn	Stjórn Starfsmenntasjóðs	= Sæti	Nefndar menn
Reykjavíkureild (RVKD) 1132	47	5	5	4	61	35 (3,09%)
Vesturlandsdeild (VLD) 160	1	1			2	2 (1,25%)
Vestfirjardeild (VFD) 41		1			1	1 (2,43%)
Norðurlandsdeild vestri (NLDV) 46	2	1			3	1 (2,17%)
Norðurlandsdeild eystra (DSNE) 223	7	1			8	5 (2,24%)
Austurlandsdeild (AULD) 74		1			1	1 (1,35%)
Suðurlandsdeild (SLD) 134	5	1	1	1	8	4 (2,98%)
Vestmannaeyjadeild (VED) 44		1			1	1 (2,27%)
Suðurnesjadeild (SND) 126		1			2	2 (1,58%)

liggja nú fyrir og verður borin upp til samþykktar á þingi SLFÍ 15. maí 2018. Uppstillingarnefndin óskar öllum í nefndarmönnum heilla á komandi starfsári og þakkar þeim sem eru að hætta fyrir vel unnin störf.

Samnefndarmönnum í uppstillingarnefndinni er þakkað samstarfið.

Skýrsla Fræðslunefndar SLFÍ

Í fræðslunefndinni sátu:

Birna Ólafsdóttir, formaður R. deild

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, ritari, Norðurlandsd.-eystri

Guðrún Lárusdóttir, R. deild

Varamaður: Þórdís Ragnheiður Malmquist

Starfsárið hefur verið með öðrum brag en undanfarin ár. Einn formlegur fundur var haldinn í nefndinni, en aðalmenn nefndarinnar hafa haft samskipti í gegnum tölvupóst. Undanfarið starfsár hefur nánast eingöngu snúist um fagháskólanám/ framhaldsnáms sjúkraliða.

Formaður nefndarinnar gerði ítarlega grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið varðandi fagháskólanám/framhaldsnáms sjúkraliða á menntadegi BSRB, sem haldinn var þann 20. mars s.l. Framvinduna má lesa í heild sinni á heimasíðu félagsins, slfi.is Allir aðalmenn nefndarinnar sátu menntadaginn. Að loknum erindum sem flest fjölluðu um aðdraganda og vinnu sem tengjast fagháskólanámi var farið í borðavinna. Niðurstaða þeirrar umræðu mun væntanlega birtast á vef BSRB.

Norðurlandamót í hjúkrun

Á haustmánuðum 2017 komu hingað gestir frá Finnlandi, Noregi og Svíþjóð til að kanna hvort íslenskir sjúkraliðanemar (sjúkraliðar) hefðu áhuga á að taka þátt í Norðurlandakeppni í hjúkrun, sambærilegri og þeirri keppni sem fram hefur farið á Íslandsmóti iðn- og verkgreina. Kallaður var til fulltrúi frá Fjölbautaskólanum við Ármúla sem tók að sér að vera tengiliður við skipuleggjendur keppinnar sem fram fer í Noregi í maí n.k. Hjá öðrum Norðurlandabjóðum eru það skólarnir sem sjá um undirbúninginn með stuðningi stéttarfélaga. Ekki tókst betur til enn svo að fulltrúinn lýsti því yfir þegar á reyndi að hann hefði ekki áhuga á þessari keppni og hefði ekki trú á að slík keppni gæti farið fram. Brugðist var snögg við og mun Hafdís Dögg taka að sér að vera tengiliður við Noreg og munu þeir sjúkraliðar sem sigrðu keppnina á síðasta ári fara fyrir hönd íslenskra sjúkraliða, ásamt þjálfara.

Heimsókn í skóla

Árvisst hefur verið að formaður fræðslunefndar fari í heimsókn í skóla til sjúkraliðanema. Á þessu ári hefur verið farið í heimsókn til Fjölbautaskóla Vesturlands á Akranesi, Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi og í lok apríl verður farið í heimsókn til Fjölbautaskóla Suðurnesja. Í þessum heimsóknum eru sjúkraliðanemar upplýstir um, hvað Sjúkraliðafélagið stendur fyrir og býður upp á. Formenn deilda á þessum svæðum eru einnig með kynningu á starfsemi deildanna. Vel er tekið á móti okkur af nemendum og virkar samræður fara fram. Fjöldi nemenda eru í sjúkraliðanámi, en síðan er það alltaf spurning hverjir fara að starfa við fagið og hverjir halda áfram námi eða fara í önnur störf að námi loknu.

Símenntun sjúkraliða

Eins og fyrri ár hafa sjúkraliðar verið duglegir að sækja sér símenntun. Framboð námskeiða hjá Framvegis hefur verið fjölbreytt. Alltaf er boðið upp á ný námskeið í bland við eldri námskeið sem eru vinsæl og mikil aðsókn er í. Fjarkennslan í einmenningstölvur er sífellt að verða vinsælli og þykir þægilegur máti, bæði fyrir sjúkraliða á höfuðborgarsvæðinu en ekki síst í hinum dreifðu byggðum landsins. Einnig hefur Helga Dögg Sverrisdóttir, sjúkraliði og kennari, staðið fyrir fjölda námskeiða á Norðurlandi sem hafa verið ágætlega sótt af sjúkraliðum.

Framhaldsnám á sérsviði

Um síðastliðin áramót útskrifuðust 9 sjúkraliðar úr sérhæfðu framhaldsnámi á skurð-, lyflækninga- og innkaupadeildum á 4. hæfniprepi frá Fjölbautaskólanum við Ármúla. Væntanlega verður þetta síðasti hópurinn sem útskrifast frá FÁ, þar sem draumur okkar er að allt framhaldsnám verði á fagháskólastigi í framtíðinni. Þessum sjúkraliðum óskar fræðslunefndin til hamingju með útskriftina.

Lokaorð

Þetta síðasta starfsár hefur að mörgu leyti einkennst af miklu „ströggli“ og miklum vonbrigðum hvað fagháskólamálin varðar. Endalaus skipti ráðherra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, sem hafa sitthvora sýnina á málaflokkinn hafa tafið framganginn og framkvæmdina. Loksins þessa dagana er farið að rofa til. Það er búið að skipa verkefnastjóra hjá Háskólanum á Akureyri sem á að starfa með félaginu við mótun námsins. Það er hins vegar hængur þar á þar sem fjármagnið frá Ríkinu til námsins er aðeins tryggt í þetta eina tilrauna- og þróunarverkefni. Félagið samþykkti að leggja

fjármagn með verkefninu til þess að koma því af stað, en það verður verkefni félagsins í nánustu framtíð að tryggja náminu sterkan fjárhagslegan grunn svo hægt verði að halda áfram á þessari braut, með fleiri verkefni. Ekki skortir vilja eða áhuga, hvorki hjá forustu félagsins né sjúkraliðum sjálfum.

Nefndarmönnum í fræðslunefndinni er þakkað gott samstarf á starfsárinu.

Skýrsla kjörstjórnar

Í kjörstjórn sátu:

Hulda Birna Frímansdóttir, formaður.

Þórunn Kristín M. Arnardóttir.

Ólafía Ingvarsdóttir.

Þórhildur Una Stefánsdóttir.

Þórdís Hannesdóttir.

Varamenn:

Fríður Garðarsdóttir.

Ingibjörg Sveinsdóttir.

Hlutverk kjörstjórnar er að hafa yfirumsjón með kjöri fulltrúa á fulltrúaping SLFÍ og kanna kjörbréf þeirra. Undirbúa og stjórna allsherjaratkvæðagreiðslu um verkfallsboðun, kjarasamninga, frestun eða lok verkfalls samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar og kjaramálanefndar, kosningu formanns og annast og undirbúa aðrar atkvæðagreiðslur eða kosningar sem stjórn eða fulltrúaping SLFÍ felur kjörstjórn sérstaklega.

Kjörstjórn úrskurðar um úrslit í atkvæðagreiðslum og kosningum um vafaatkvæði og önnur ágreiningsatriði sem upp koma í atkvæðagreiðslum sem hún annast. (Sbr. 29. gr. bls. 12 í handbók trúnaðarmanna SLFÍ.)

Í upphafi ársins 2018 sagði formaður kjörstjórnar Jóna Jóhanna Sveinsdóttir sig úr kjörstjórn af persónulegum ástæðum og tók Hulda Birna Frímansdóttir þá við sem formaður. Þórdís Hannesdóttir varð þá aðalmaður í kjörstjórn.

Kjörstjórn hefur haft í miklu að snúast seinni hluta starfstímans við aðdraganda, undirbúning og kosningu í formannskjöri félagsins.

Auglýstur var framboðsfrestur, til formannskjörs í byrjum febrúar rann hann út 1. mars sl.

Þrjú sjúkraliðar gáfu kost á sér og efndi nefndin þá til kynningarfundar með frambjóðendum þann 15. mars 2018.

Ákveði var að hafa rafræna kosningu dagana 3. apríl og lauk henni kl. 13:00, 10. apríl.



Frambjóðendur til formanns.

Kosningastjóri var Hulda Birna Frímansdóttir. Kærunefnd var skipuð þeim Huldu Birnu Frímansdóttur, Þórunni Kristínu Arnardóttur og Sigríði Ríkharðsdóttur starfsmanni á skrifstofu félagsins. Nokkrar kærur bárust og voru þær afgreiddar af kærunefndinni. Í flestum tilfellum var um að ræða að gögn vantaði s.s. leyfisbréf og innritunarbeiðni um aðild að Sjúkraliðafélagi Íslands.




Nýkjörnum formanni SLFÍ færð blóm eftir að niðurstaða kosninganna var ljós.

Niðurstaða kosningarinnar urðu þær að Sandra Bryndísardóttir Franks var kjörin nýr formaður Sjúkraliðafélags Íslands með 71% greiddra atkvæða.

Sandra er sjúkraliði og hefur lokið meistaranámi í stjórnsýslufræðum og lögfræði.

Auk Söndru voru þær Sigurlaug Björk J. Fjeldsted og Guðrún Lárusdóttir í framboði til formanns.

Á kjörskrá voru 2686. Atkvæði greiddu 1111 eða 41,3% félagsmanna. Þeir sem ekki tóku afstöðu voru 35.



Atkvæði lögðust þannig að Sandra Bryndísardóttir Franks hlaut 788 atkvæði eða 71%. Sigurlaug Björk J. Fjeldsted hlaut 200 atkvæði og Guðrún Lárusdóttir hlaut 88 atkvæði.

Nýr formaður mun taka við af Kristínu Á. Guðmundsdóttur, sem gengt hefur formennsku Sjúkraliðafélags Íslands síðustu 30 ár, á 27. fulltrúabingi félagsins 15. maí næstkomandi

Nefndin lauk störfum með því að fara yfir kjörbréf deildanna fyrir 27. Fulltrúabing SLFÍ. Nefndin afgreiddi þau með hefðbundnum hætti.

Skýrsla orlofsnefndar vegna 2017

Orlofsnefnd skipa:

Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir,
 Halldóra Lydía Þórðardóttir,
 Helga María Arnardóttir,
 Varamaður er Ólöf Adda Sveinsdóttir
 Starfsmaður orlofsnefndar er Gunnar Örn Gunnarsson,
 framkvæmdastjóri SLFÍ.

Formaður orlofsnefndar er Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir eins og síðastliðin ár, Helga María og Halldóra Lydía eru áfram í stjórninni og Ólöf Adda Sveinsdóttir er varamaður en mætir á alla fundi.

Stjórn Orlofsnefndar Sjúkraliðafélags Íslands hélt átta fundi á síðasta starfsári.

Orlofssjóður seldi Hamratúnið á Akureyri og keypti tvö 108 fm. einbýlishús uppi við rætur Hlíðarfjalls, Holtaland 9 og Holtaland 7, en þar má vera með hunda. Heildarsvæðið liggur frá bænum

Hlíðarenda ofan Akureyrar í um 175 m.y.s. og upp í 290 m.y.s. í hlíð Hlíðarfjalls, norðan Hlíðarfjallsveggar. Á svæðinu í nær og fjær umhverfinu eru miklir og vaxandi útivistarmöguleikar s.s. skíðasvæði, hestaíþróttasvæði, akstursíþróttar- og skotsvæði auk fjölbreyttra gönguleiða. Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli stendur um 300 m ofar í hlíð Hlíðarfjalls til vesturs og er deiliskipulag af því svæði í vinnslu. Húsin eru byggð upp á steypum sökklum og með steyptri gólfplötu. Veggir eru úr steinsteypu og léttir timburgrind. Veggir eru einangraðir og klæddir að utan, með báru- og timburklæðningu. Þök eru einhalla og dúkklaedd. Húsin eru hönnuð og staðsett með tilliti til útsýnis norður út fjörðinn, austur yfir í Vaðlaheiði eða suður inn Glerárdal. Verandir eru byggðar innan byggingarreits og eru við bæði húsi. Í báðum húsunum eru heitir pottar.

Á síðasta ári var töluvert um endurnýjun, viðhald og uppbyggingu orlofshúsa félagsins. Í Kiðjbergi I og II var skipt út öllum gólfefnum og lagt í gólfín og sett á þau korkparket. Úthlíðin var uppfærð þannig að gólfefnin voru endurnýjuð, skipt um gólfíð í baðinu og settur dúkur þar og korkparket á öll önnur gólf. Til stendur að setja upp leiktæki við orlofshúsið í Varmahlíð.

Áfram verður boðið upp á gistingu í þeim eignum sem félagið hefur leigt á orlofstímanum af einstaklingum víðsvegar um landið til að auka fjölbreytni orlofsmöguleika, en félagið hefur hætt með húsið á Seyðisfirði. Einnig verður áfram boðið til kaups veiðikort, útilegukort, golfkort, hótelmiðar, flugmiðar og fleira. Boðið er upp á gistingu á Spáni og á Flórída á mjög góðu verði í frábæru umhverfi, gjafakort frá Ferðaskrifstofu Íslands sem gilda sem greiðsla upp í ferð með FÍ/ÚÚ.



Frá Fjallabaki.

Gönguferð verður innanlands á vegum félagsins undir fararstjórn Úlfheiðar Kaðlínar Ingvarsdóttur, sjúkraliða og



Frá gönguferð á Spáni.

leiðsögumanns. Að þessu sinni verður farið um Fjallabak syðri og nyrðri. Friðland að Fjallabaki er allt ofan við 500 m hæð yfir sjó. Tvær gönguferðir verða um Spán og Marokkó, í maí og september. Ferðirnar eru skipulagðar af ferðaskrifstofunni Salamöndru á Spáni í samvinnu við Úlfheiði.

Reyndir leiðsögumenn frá ferðaskrifstofunni halda dyggilega utan um hópinn. Leiðsögumenn Salamöndru eru þaulvanir leiðsögn í Marokkó og hafa skipulagt þessar einstöku ferðir af mikilli kostgæfni. Síðastliðin 3 ár hefur Sjúkraliðafélagið boðið upp á 6 ferðir með ferðaskrifstofunni Salamöndru, sem hafa verið til fyrirmyndar í alla staði.

Gist verður á fjögurra stjörnu hótélum bæði á Spáni og í Marokkó.

Flugið verður í beinu flugi til Malaga 1. júní. og 14. september. Eftir frjálsan dag í Malaga verða tveir göngudagar á Spáni, meðfram ströndinni til Marbella.

Gjafakort frá WOW og Icelandair voru/eru í boði á góðum kjörum, sem nýtast upp í eða fyrir flugmiðum með viðkomandi flugfélögum á allar þeirra flugleiðir.

Rekstur orlofssjóðs gekk ágætlega á síðasta ári og hefur hann nýst í þágu félagsmanna.

Ríkið hefur staðið við umsamar viðbótargreiðslur í orlofssjóð og hefur það haft góð áhrif á efnahag sjóðsins.

Orlofsnefnd félagsins leggur mikinn metnað í að bjóða félagsmönnum upp á sem fjölbreytilegasta orlofskosti í sumarleyfinu. Til þess hefur hún reynt að taka upp einhverja nýbreytni hverju sinni og haldið áfram með þá kosti sem hafa gefist vel árin á undan.

Í Kaupmannahöfn býður félagið upp á vinsæla og fallega íbúð

á Amager þ.s. samgöngur að og frá íbúðinni eru mjög góðar og stutt er á flugvöllinn og er hún mjög vel nýtt allt árið.

Mikilvægt er að félagsmenn virði eigin félagsins/sínar og skili þeim til viðtakanda hreinum og óskemmdum, þannig er mögulegt að losna við að ráða umsjónarmenn með orlofseignum félagsins sem leiddi af sér verulega hækkun leigugjalda.

Umsóknir og úthlutanir orlofskosta til félagsmanna eru áfram unnin rafrænt með þar til gerðu forriti, Frímanni, þessi kostur fer á augabragði yfir punktastöðu félagsmanna og velur þann út sem flesta punkta hefur ef margir eru að sækja um sömu eign á sama tíma. Félagið hefur verið með samning við tölvupjónustufyrirtækið AP media sem sér um og hannar orlofssíðu félagsins og heldur einnig utan um orlofsúthlutunar tölvukerfi félagsins, sem tryggir algjört hlutleysi.

Skýrsla ritnefndar

Ritnefnd er skipuð þremur félagsmönnum, auk varamanns, og er kosin á fulltrúapingi til þriggja ára.

Ritnefnd skipa:

Bára Hjaltadóttir,

María Busk,

Þórhildur Una Stefánsdóttir,

varamaður er Steinunn Svanborg Gísladóttir.

Ritnefnd annast útgáfu og ritstýrir málgagni félagsins „Sjúkraliðanum“ ásamt ritstjóra blaðsins.

Frá síðasta fulltrúapingi hafa verið gefin út fjögur tölublöð Sjúkraliðans, þar af eitt orlofsblað með upplýsingum um orlofskosti sjúkraliða fyrir komandi orlofstímabil og einnig var gefið út fimmta blaðið sem var með upplýsingar um frambjóðendur til formanns félagsins og var því blaði dreift með orlofsblaðinu.

Blaðið er vandað og prýtt fjölda ljósmynda frá þeim atburðum sem hæst bera á hverju ári á vegum félagsins og félagsmanna. Ritnefnd hefur lagt áherslu á að hafa blaðið sem fjölbreytilegast í efnisvali og hefur í gegnum kannanir á áhuga félagsmanna reynt að uppfæra blaðið eftir efnu og ástæðum hverju sinni.

Blaðið Sjúkraliðinn er gefinn út í 3.300 eintökum sem dreift er til félagsmanna, heilbrigðisstofnana, ráðherra, alþingismanna, fjölbrautaskóla og annarra sem hafa áhuga á málefnum sjúkraliða og til þeirra sem félagið telur nauðsynlegt að halda upplýstum um málefni félagsins og félagsmanna.

Orlofsblaðið er gefið út í 3000 eintökum og fer eingöngu til félagsmanna.

Í blaðinu er fjallað um þau atriði sem hæst bera hverju sinni, s.s. eins og kjaramál, lífeyrismál, réttindi, dóma sem tengjast félagsmönnum og réttindum þeirra o.fl. sem er í brennidepli hverju sinni.

Fastir þættir hafa verið í blaðinu undanfarin ár, má þar nefna ritgerðir sjúkraliða, stjórnandi ársins, formannspistill og fjölmargt annað efni eftir sjúkraliða sem ritnefnd finnst eiga erindi til okkar allra. Kynntar hafa verið stofnanir/vinnustaðir og störf sjúkraliða sem sýnir hvað störf sjúkraliða eru fjölbreytileg.

Blaðið er einnig gefið út rafrænt og er hægt að nálgast það á heimasíðu SLFÍ.

Ritnefnd er afar þakklát sjúkraliðum fyrir góðar og ánægjulegar móttökur inni á stofnunum og þakkar félagsmönnum fyrir góðar viðtökur við starfsmönnum blaðsins og við blaðinu og öllum sem hafa komið að útgáfu blaðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Skýrsla Laganefndar

Í Laganefnd sitja:

Freydís Anna Ingvarsdóttir.

Guðrún Elín Björnsdóttir.

Svava Bjarnadóttir.

Varamaður er

Steinunn Svanborg Gísladóttir.

Hlutverk laganefndar er að sjá um endurskoðun á lögum félagsins og aðlagga þau að breyttum viðhorfum á hverjum tíma. Að taka til umhugsunar tillögur um breytingar á lögum sem félagsstjórn berst frá svæðiseildum og einstaklingum.

Að þessu sinni lágu ekki fyrir neinar tillögur að breytingum á lögum félagsins, að því undanskildu að stjórn félagsins leggur til að inn í lögin komi ákvæði um Orlofsjóð undir kaflanum um sjóði félagsins.

Skýrsla Siðanefndar

Engir fundir hafa verið haldnir í siðanefnd á árinu.

Skýrsla Minningasjóðs

Engir fundir hafa verið haldnir í stjórn Minningarsjóðs á starfsárinu.

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannaráð kom saman 12. október 2017.

Mjög góð mæting var á fundinn.

Dagskrá fundarins:

Fundurinn hófst á umræðu um undirbúning að kjarasamningur 2019 undir stjórn formanns og framkvæmdastjóra félagsins. Birna Ólafsdóttir, fulltrúi félagsins í menntamálum fór yfir að samningur hafði tekist við Háskólinn á Akureyri um að hann tæki að sér að þróa sérnám sjúkraliða. Guðmundur Freyr Sveinsson, sérfræðingur á kjarasviði hjá STRV kynnti niðurstöður skoðanakönnunar meðal trúnaðarmanna um stöðu trúnaðarmanna. Þá fór formaður SLFÍ yfir vinnu samráðsnefndar um snemmbæran lífeyristökualdur. Sonja Þorbergsdóttir, lögfræðingur BSRB kynnti hvað væri að gerast í tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar um styttingu vinnuvikunnar

Prófessor Ingibjörg Jónsdóttir Verksamhetschef Institutet för stressmedicin, kynnti nýjustu rannsóknir í Svíþjóð um veikindi og kulnun í starfi innan heilbrigðiskerfisins í Svíþjóð. Að lokum kom Kristinn Bjarnason, hagfræðingur BSRB og fór yfir fjárlög 2018 og stöðuna í hagkerfinu.

Starfsmenntasjóður/ Starfsþróunarsjóður

Fram til þessa hefur Sjúkraliðafélagið verið aðili að Starfsmenntasjóði BSRB. Úthlutanir úr sjóðnum hafa farið fram á skrifstofu félagsins og sjóðnum síðan sendur reikningur. Úthlutanir úr Starfsmenntasjóði og Starfsþróunarsjóði hafa farið fram jöfnum höndum eftir inneign félagsmanna.

Í síðustu kjarasamningum var samið um að Starfsmenntasjóðurinn færðist alfarið yfir til félagsins. Síðasta Fulltrúaping samþykkti lagabreytingar þar sem tekið var á því, á hvern hátt lög félagsins taka utan um sjóðina. Einnig samþykkti þingið sérstaka skipulagsskrá fyrir sjóðina.

Áfram hefur verið úthlutað úr báðum sjóðnum jöfnum höndum, þar sem enn hefur ekki gengið að ná Fjármálaráðuneytinu inn í stjórn Starfsþróunarsjóðs eins og kjarasamningar kveða á um.

Vinnuveitendur hafa greitt sérstakt viðbótargjald 0,1% inn í starfsmenntasjóð sem standa á straum að greiðslum fyrir trúnaðarmannafræðslu og annað sem greiða þarf fyrir vegna trúnaðarmanna.

	Heildarstyrkir, öll félög:	SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	366.035.253 kr.	71.575.226,00 kr.	20%
Styrkir fyrir árið 2017:	450.992.770 kr.	92.347.913,00 kr.	20%
	Sjúkradagpeningar í heildina:	Sjúkradagpeningar SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	105.145.683 kr.	23.920.456,00 kr.	23%
Styrkir fyrir árið 2017:	160.876.818 kr.	35.677.715,00 kr.	22%
	Sálfræðiaðstoð í heildina:	Sálfræðiaðstoð SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	11.621.877 kr.	1.618.500,00 kr.	14%
Styrkir fyrir árið 2017:	12.960.310 kr.	1.840.980,00 kr.	14%
	Sjúkraþjálfun í heildina:	Sjúkraþjálfun SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	31.989.363 kr.	6.746.806,00 kr.	21%
Styrkir fyrir árið 2017:	31.563.563 kr.	6.945.783,00 kr.	22%
	Líkamsrækt í heildina:	Líkamsrækt SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	59.415.609 kr.	11.256.596,00 kr.	19%
Styrkir fyrir árið 2017:	66.766.676 kr.	12.348.212,00 kr.	18%
	Hjartavernd í heildina:	Hjartavernd SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	1.443.000 kr.	305.200,00 kr.	21%
Styrkir fyrir árið 2017:	1.610.200 kr.	354.600,00 kr.	22%
	Dvöl á heilsustofnun í heildina:	Dvöl á heilsustofnun SLFÍ:	Hlutfall af heildarúthlutun
Styrkir fyrir árið 2016:	3.802.000 kr.	1.274.000,00 kr.	34%
Styrkir fyrir árið 2017:	3.018.000 kr.	888.000,00 kr.	29%

Aðrir sjóðir

Minningarsjóður

Ekkert hefur verið úthlutað úr sjóðnum þar sem hann hefur aldrei náð þeim styrkleika að það sé hægt.

Styrktarsjóður BSRB


Hér að ofan er samantekt yfir starfsemi Styrktarsjóðsins yfir þær heildarúthlutanir sem veittar hafa verið til félagsmanna sjóðsins og hvernig Sjúkraliðafélags Íslands kemur út úr þeirri samantekt

Starfsendurhæfingarsjóðurinn Virk


Hlutverksjóðsinseraðeflastarfsgetueinstaklinga í kjölfarveikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.

Markmið VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku. VIRK mótar, samþættir og hefur eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.


Mat einstaklinga á ástæðum fjarvista (hver einst getur merkt við fleirir en 1 atriði og því summast ekki í 100 %)



Aldursdreifing



Framfærsla við lok þjónustu



Fjöldi einstaklinga mv. 7. apríl 2017	VIRK	Sjúkral
Heildarfjöldi sem hefur leitað til VIRK	11.535	226
Fjöldi í reglulegum viðtölum eða eftirfylgd	2.150	32
Fjöldi sem hefur lokð þjónustu (útskrifast)	6.505	155
Fjöldi sem hefur hætt þjónustu	2.880	39

Útdráttur úr skýrslum félagsdeilda

Mikil og metnaðarfull vinna hefur verið lögð af mörkum til félagsstarfsins hjá félagsdeildum SLFÍ. Hér verður einungis settar inn aðal áherslur sem fram komu í skýrslum deildanna. Félagsblaðið Sjúkraliðið gerir skýrslunum einnig skil auk þess að skýrslurnar liggja frammi í heild sinni inni á heimasíðu félagsins undir DEILDIR.

Reykjavíkureild

Stjórn Reykjavíkureildar hefur fundað reglulega á þessu starfsári og vil ég byrja á að þakka öllum þeim sjúkraliðum sem starfað hafa fyrir deildina á árinu. Á síðasta aðalfundi var í fyrsta sinn kosið í viðburðarnefnd sem staðið hefur að öllum viðburðum sem hafa verið í boði hjá deildinni á árinu. Með þessari breytingu þá var verið að reyna að ná betra utanumhaldi varðandi viðburði og fjáraflanir hjá deildinni og virðist sem það hafi tekist því nefndin hefur boðið upp á margar nýjungar, sagði Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkureildar sjúkraliða, í skýrslu sinni til aðalfundar deildarinnar.

Aðalfundurinn var haldinn 13. nóvember síðastliðinn í félagsaðstöðu SLFÍ að Grensásvegi 16. Formaður fór yfir starfsemi deildarinnar á síðasta starfsári og þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

Vaktabók og Litlu jólin

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum á aðalfundi deildarinnar árið 2016 kom Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ og var með fræðslu um lífeyrismál og svaraði spurningum um önnur réttindi.

26. nóvember er Evrópudagur sjúkraliða. Sjúkraliðar voru hvattir til að bjóða vinnufélögum sínum upp á kaffi og með því á sínum vinnustað, sem mér skilst að hafi heppnast mjög vel.

5. desember kom hópur úr stjórn og nefndum deildarinnar saman og pökkuðu vaktarbókinni og gerðu klára til útsendingar.

15. desember voru Litlu jólin okkar. Að þessu sinni voru rithöfundarnir Ása María, Vigdís Grímsdóttir og Sóley Eiríksdóttir fengnir til að koma og kynna bækurnar sínar. Nokkuð góð mæting var og áttu gestir notalega kvöldstund, en leikin var ljúf jólatónlist og boðið upp á heitt súkkulaði, jólakaffi, smákökur og konfekt.

20. desember voru fulltrúar Reykjavíkureildar viðstaddir útskriftir sjúkraliða frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, afhentu þeim blóm og lykilin samt heillaóskum frá SLFÍ og buðu nýútskrifaða sjúkraliða velkomna í hópinn.

Það útskrifuðust 19 sjúkraliðar úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti en aðeins 2 úr Fjölbrautaskólanum í Ármúla, eða samtals 21 sjúkraliði. Ekki var farið í Fjölbrautaskólann í Ármúla í þetta skiptið þar sem einungis 2 sjúkraliðar útskrifuðust og var hvorugur þeirra viðstaddur.

Opið hús og Þorablót

Hefð hefur skapast fyrir „opnu húsi“ en á því býður stjórn deildarinnar félagsmönnum sínum að kynnast starfsemi deildarinnar og félaginu. Boðið er upp á léttar veitingar og afslappað andrúmsloft. 17. janúar var í fyrsta sinn forsala miða á þorablótið og mæltist það mjög vel fyrir.

10. febrúar var efnt til Þorablóts Reykjavíkureildar. Góð mæting var á blótið að þessu sinni og í fyrsta sinn þá kom blótið út í plús sem er mjög ánægjulegt. Þorramaturinn kom frá Skútunni í Hafnarfirði, veislustjóri var útvarpsmaðurinn Ásgeir Páll og sá hann um tónlistina og að skemmta okkur. Mjög góð stemming og mæting var á þessum viðburði. Hið árlega happadrætti var og margir og miklir vinningar í boði.

Helgina 16-18. mars var haldið Íslandsmót iðn- og verkgreina í nýju Laugadalshöllinni og þar tóku sjúkraliðanemar frá þremur skólum þátt og kepptu í hjúkrun. Sjúkraliðar úr Reykjavíkureildinni og nokkrum öðrum deildum Sjúkraliðafélags Íslands stóðu vaktina alla mótisdaganna, en boðið var uppá blóðþrýstings- og súrefnismettunarmælingar og kynningu á starfinu okkar. Jakobína Rut Daníelsdóttir, varaformaður Reykjavíkureildar, hélt utan um keppnisstaðinn að þessu sinni í fjarveru Jóhönnu Traustadóttur formanns Reykjavíkureildar. Liðið frá Akureyri sigraði svo keppnina í annað sinn.

Á sumardaginn fyrsta, 20. apríl, var haldið fjölskyldubingó í annað sinn og var mjög góð mæting og veglegir vinningar.

Trúnaðarmenn og Fulltrúabing

Í apríl fór meirihluti stjórnar Reykjavíkureildarinnar í jarðarför Birnu Helgadóttur sem lést 24. mars eftir löng

veikindi. Birna var mjög virk í félaginu og deildinni og starfaði í stjórn Reykjavíkurdeildar allt til lokadags. Stjórn Reykjavíkurdeildarinnar ákvað í samráði við Boga eiginmann Birnu að leggja inn á líknarsjóð Oddfellow til minningar um hana. Reykjavíkurdeildin vottar fjölskyldu og vinum Birnu innilega samúð sína.

Stjórn Reykjavíkurdeildar boðaði trúnaðarmenn sína til fundar 25. apríl og fékk Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóra Sjúkraliðafélags Íslands til að koma og fara yfir nokkra dóma og hin ýmsu réttindi sem trúnaðarmenn þurfa að passa. Mætingin var ágæt á fundinn.

Kjaramálanefnd Reykjavíkurdeildar hélt utan um kröfugönguna í Reykjavík fyrir hönd félagsins 1. maí. Góð þátttaka sjúkraliða var í kröfugöngunni og á útifundinum þrátt fyrir leiðindaveður.

8. maí fundaði Reykjavíkurdeildin ásamt hinum deildunum og Guðrúnu Fredriksen varðandi undirbúning og ferðatilhögun fyrir haustferð sjúkraliða.

Fulltrúaðing SLFÍ haldið 12. maí. Reykjavíkurdeildin átti þar 12 fulltrúa. Nokkur vinna fór í að undirbúa þingið og hringja í fulltrúa deildarinnar til að kanna mætingu þeirra.

66 nýir sjúkraliðar

Fulltrúar Reykjavíkurdeildar voru viðstaddir útskriftir sjúkraliða frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 24. og 27. maí, afhentu þeim blóm og lykilinn ásamt heillaóskum frá SLFÍ og buðu nýútskrifaða sjúkraliða velkomna í hópinn. Það útskrifaðist 21 sjúkraliði úr Fjölbrautaskólanum í Ármúla og 22 sjúkraliðar úr Fjölbrautaskólanum í Breiðholti eða samtals 43 sjúkraliðar. Á þessu ári hafa því samtals 66 sjúkraliðar útskrifast.

1. júní var farið í gönguferð um miðbæ Hafnarfjarðar með Guðrúnu Fredriksen. Ekki voru nú margir sem mættu í þessa ferð.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir gjaldkeri RVKD og Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ fóru með fyrir hönd Reykjavíkurdeildarinnar og félagsins í vorferð Eftirlaunadeildar SLFÍ 7. júní. Farið var um Suðurland, á Eyrabakka, Sólheima og dvalarheimilið Lundur á Hellu heimsótt. Að lokum var borðaður kvöldverður á Laugarvatni.

Í júní og júlí tók Reykjavíkurdeildin sér sumarfrí frá fundarhöldum, en áfram var unnið að undirbúningi og skráningu í haustferðina.

Haustferð og spilakvöld

24. ágúst var farin haustferð Reykjavíkur-, Suðurnesja- og Suðurlandsdeilda SLFÍ. Ferðinni var heitið um Suðurlandið þar sem gengið var um og skoðaðir ýmsir staðir. Mjög gott veður var þennan dag og mikil ánægja á meðal hópsins. Hádegisverður var á Hótel Eddu á Skógum og kvöldverður á Hótel Kötlu í Vík.

Í ferðina fóru 76 sjúkraliðar sem skoruðu á aðstandendur ferðarinnar að endurtaka ferðina að ári. Áskoruninni var tekið og ákveðið að fara næst til Vestmannaeyja að öllu óbreyttu. Fararstjórar ferðarinnar voru þær Guðrúnu Fredriksen og Ragnheiður Björnsdóttir.

28. september var haldið fyrsta spilakvöld haustsins. Viðburðarnefndin ákvað að bjóða upp á félagsvist. Fámennt en góðmennt var á þessu fyrsta kvöldi.

BSRB hélt trúnaðarmannaráðstefnu á Hótel Hilton Nordica 6. Október. Þar var farið yfir niðurstöður könnunar sem gerð var á meðal trúnaðarmanna í félögum innan BSRB. Reykjavíkurdeildin átti nokkra þátttakendur á þessari ráðstefnu sem var mjög áhugaverð.

12. október hélt SLFÍ trúnaðarmannaráðsfund þar sem farið var yfir hin ýmsu málefni og hlustað á nokkra áhugaverða fyrirlestra. Þó nokkur mæting var frá trúnaðarmönnum Reykjavíkurdeildarinnar á fundinn.

Um kvöldið var Reykjavíkurdeildin með sitt annað spilakvöld og var mjög mikil ánægja með það. Þriðja spilakvöldið var haldið 26. október og það fjórða og síðasta 9. nóvember. Á þau mættu þó nokkrir og áttu góða kvöldstund.

Opið hús á nýju ári

Á nýju ári verður byrjað á að vera með opið hús þar sem við munum kynna viðburðadagatal næsta árs, en eitt er víst, að það verður haldin góugleði. Viðburðadagatalið mun verða birt á heimasíðu félagsins og nánar verða viðburðir hverju sinni auglýstir á Fésbókarsíðu deildarinnar hvetjum við alla til að vera duglega að fylgjast með og láta félagana sína vita með því að hengja upp auglýsingar á sínum vinnustöðum.

Að lokum vil ég þakka viðburðarnefndinni fyrir þá miklu vinnu og fjölbreytni í viðburðum sem verið hefur á þessu síðasta starfsári hjá deildinni.

Að endingu þakka ég fyrir mig og öllum þeim sjúkraliðum sem starfað hafa fyrir deildina á síðasta starfsári og verið duglegir að mæta á viðburði deildarinnar og vonast til að sjá fleiri á komandi viðburðum, sagði Jóhanna Traustadóttir.

Vesturlandsdeild

Flutt á aðalfundi 1. nóv 2017 á OK Bistro, Borgarnesi

Síðasti aðalfundur var haldinn í Landnámssetri 26. október 2016 og mættu 40 manns, eftir að hafa frestað honum um viku vegna óveðurs.

Fjórir glæsilegir sjúkraliðar voru heiðraðir á HVE fyrir 50 ára útskrift þann 27. maí 2017

50 ára afmæli SLFÍ

Haldið var upp á afmælið 18. nóvember 2016 með ráðstefnu á Hótel Natura (Loftleiðum). Mætingin var gríðarlega góð og góður rómur gerður að dagskránni. Deginum lauk síðan með afmælismóttöku. Vesturlandsdeild tók þátt í gjöf, málverki, til félagsins ásamt Austurlandi, Norðurlandi, Norðurlandi vestra, Vestfjörðum og Suðurnesjum.

Fundir innan deildarinnar og annað starf

Fundað var fjórum sinnum á árinu í stjórn deildarinnar.

Fundirnir voru haldnir 6. desember 2016 og, 10. janúar, 29. maí, og 7. september 2017

Jólafundur á Sjúkrahúsi Akraness fyrir sjúkraliða sem vinna á HVE Akranesi og Höfða haldinn í desember.

Vesturlandsdeildin tók að sér þrif á bústað SLFÍ í Munaðarnesi 9. nóvember. Átta konur komu frá Borgarnesi og kláruðu þetta á einu kvöldi.

Deildin átti síðan kost á að taka að sér aftur þrif á orlofshúsi félagsins í Munaðarnesi þann 19-21 maí, en þar sem enginn bauð sig fram misstum við þessa fjáröflun úr höndum deildarinnar.

Verkið

Sjúkraliðafélag Íslands tók þátt í Íslandsmeistaramóti Verkiðnar 17-18 mars 2017 Laugardalshöll og fór formaður deildarinnar þangað fyrir hönd Vesturlands og stóð í kynningarbás SLFÍ.

26. Fulltrúafundur félagsins 12. maí á Grensásvegi

Formaður deildarinnar mætti á félagsstjórnarfund SLFÍ 11. maí 2017 á Grensásvegi og í framhaldi á Fulltrúafundi Sjúkraliðafélags Íslands. Fulltrúar deildarinnar voru tveir Guðbjörg Sigurðardóttir og Erla Kristjánsdóttir

Sumarferð sjúkraliða

Vesturlandsdeild var boðið að taka þátt í dagsferð þann 24. ágúst ásamt Suðurnesjudeild, Reykjavíkudeild og



Sjúkraliðar á Heilbrigðisstofnun vesturlands heiðraðar.

Suðurlandsdeild. Farið var frá Rvík að Gljúfrabúa og Skógum undir Eyjafjöllum. Þaðan á Sólheimajökull, Dyrhólaey, Reynisfjöru og Reynisdrangar. Síðan endað í Vík í Mýrdal.

Félagsfundir

Vinnufundur Félagsstjórnar SLFÍ var haldinn í Munaðarnesi 19. september. Á fundinn mætti Sigríður Skúladóttir fyrir okkar hönd.

Ráðstefna BSRB um kjaramál, lífeyrismál og vinnnumarkaðsmál var haldin á Hilton hóteli 6. október. Á fundinn mætti Sigríður Skúladóttir fyrir okkar hönd.

Formaður mætti á félagsstjórnarfund SLFÍ 11. október á Grensásvegi.

Formaður boðaði veikindi á 16. fund Trúnaðarmannaráðs SLFÍ sem var haldinn í framhaldi þann 12. október 2017. Trúnaðarmenn deildarinnar voru boðaðir á þann fund og voru einhverjir sem mættu frá Vesturlandi. Frábær fyrirlestur hjá Ingibjörgu Jónsdóttur og var æðislegt að geta horft á hann í 2 vikur á eftir á alnetinu.

Að lokum

Mikið áhugaleysi og félagsdofi hefur einkennt þetta starfsár. Erfitt hefur reynt að fá sjúkraliða til að taka þátt í starfi deildarinnar.

Þrír af fimm í stjórn óskuðu eftir að hætta en aðeins einn gaf kost á sér, þrátt fyrir að mikið væri auglýst, sendir tölvupóstur og hringt.

Vestfjarðardeild

Formaður deildarinnar fór á fjóra félagsstjórnarfundum og einn trúnaðarmannaráðsfund á árinu. Á trúnaðarmannaráðsfundinum fóru fjórir trúnaðarmenn úr Vestfjarðadeildinni.

Stjórnin hittist sex sinnum til skrafs og ráðagerða í sambandi við fundi og önnur málefni.

Lionsklúbbur Vestfjarða óskaði eftir að hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar sæju um blóðsykurs- og blóðþrýstingsmælingar dagana 10. – 11. nóvember 2016. Mælingarnar fóru fram í Samkaupum og Bónus. Góð þátttaka var hjá sjúkraliðum.

Sjúkraliðafélagið hélt litlu jólin 9. desember 2016 í heimahúsi og var mjög góð mæting. Skemmtinefnd pantaði mat frá Thai í Bolungarvík. Í stað „pakka“ sem hefð er fyrir, var ákveðið að styrkja langveika stúlku.

Vorfundur var haldinn 21. apríl 2017 á Húsinu á Ísafirði, þátttaka var mjög góð. Formaður gaf skýrslu um þá fundi sem hún hafði farið á. Það voru fjörugar umræður. Síðan var farið í útiföt og allar sendar út í ratleik. Eftir leikinn var súpu og desert gerð góð skil. Einnig var farið í innileiki.

27. maí 2017, var einn sjúkraliði útskrifaður frá MÍ og var henni fært plagg og blóm frá Sjúkraliðafélaginu.

Þann 21. september 2017 fengum við góða gesti frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Það voru Kristín formaður, Gunnar Örn framkvæmdastjóri og Elías blaðamaður og ljósmyndari Sjúkraliðablaðsins. Elías kom vestur til að taka viðtöl og myndir. Haldin var óformlegur fundur á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði með Kristínu og Gunnari Erni ásamt sjúkraliðum

sem starfa á Hvest. Rædd voru ýmis mál sem viðkomu sjúkraliðum.

Gestum var kynnt starfsemin Eyrar og sjúkrahússins. Hádegisverður var síðan snæddur í matsal Hvest. Síðan var farið til Bolungarvíkur og gestum boðið að skoða Bjarg hjúkrunarheimili. Að lokum var haldin fundur með Kristínu framkvæmdarstjóra Hvest. Viðtalið var birt í Sjúkraliðablaðinu. Sjúkraliðafélag Vestfjarða er þakklát fyrir þessa heimsókn og umfjöllun.

Evrópudagur sjúkraliða.

Föstudaginn 24. okt. buðum við samstarfsfólki okkar á upp á kaffihlaðborð í matsal Hvest. Sjúkraliðar sáu um bakstur og vakti þessi uppákoma mikla gleði.



Vestfjarðardeild aðalfundur 10.11.2017

Norðurlandsdeild vestri

Aðalfundur Norðurlandsdeildar vestri var haldinn 8. nóvember 2017 á Ömmukaffi á Blönduós. Fiskisúpa með heimabökuðu brauði, salatbar í boði deildar. Mættar voru 9 konur. Katharina A. Schneider forstöðumaður Héraðsbókasafns A-Húnavetninga kom með stutt innlegg á fundinn.

Formaður setti fundinn, bauð konur velkomnar og fór yfir dagskrá fundarinnar og var hún jafnframt kosin fundarstjóri.

Formaður las skýrslu um starfsemi deildarinnar 2016-2017 og þar kom meðal annars eftirfarandi fram:

Þing og fundir

18. nóvember 2016 var afmælistálfing í tilefni af 50 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands. Yfirskrift ráðstefnunnar

var „Sjúkraliðar hér og þar. Fjölbreytni starfa og faglegur metnaður“. Formaður fór á málþingið sem tókst vel í alla staði.

26. nóvember 2016 var Evrópudagur sjúkraliða og í tilefni dagsins var félagið búið að láta gera meðal annars gleraugnaklúta og bönd fyrir starfsmannakort sem var merkt SLFÍ. Sjúkraliðar á Sauðárkróki og á Blönduós buðu samstarfskonum upp á piparkökur og mandarínur.

Formaður sótti Félagisstjórnarfund 23. febrúar 2017 þar sem meðal annars var farið yfir stöðu í kjaramálum og hver staðan væri í gerð stofnanasamning á stofnunum ríkisins. Farið var yfir skipulag Fulltrúaþings SLFÍ á komandi vori og Íslandsmeistaramót iðn- og tæknigreina, en það eru þrjú pör sem taka þátt frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti,



Af fundi Norðurlandsdeildar vestri

Verkmenntaskólanum á Akureyri og Menntaskólanum á Ísafirði.

Einnig kom fram beiðni Vesturlandsdeildar SLF um breytingu á lögum/reglugerð deilda, en stjórn Vesturlandsdeildar leggur til að bæta inn í 4. kaflann 14. Grein: Komi til þess að deildin leggist af skulu fjármunir sem í eigu hennar eru ganga til SLF. Breytingar á reglum þessum eru lagðar til vegna kröfu um umsókn á kennitölu fyrir félög. Formaður er meðal annars í Laganefnd en þessar breytingartillögur verðar lagðar fram á Fulltrúafingi.

Þann 22. mars 2017 fóru formaður og varaformaður (en þær eru einnig trúnaðarmenn á HSN) ásamt Þóru Sverrisdóttur trúnaðarmanni á Blönduósi á fræðslufund um stofnanasamninga á vegum stéttarféлага og KMR sem haldinn var á Akureyri.

Formaður sótti félagsstjórnarfund 11. maí 2017. Þar var rætt um frágang stofnanasamninga sem gilda eiga frá júní 2016. Enn væri eftir að ganga frá samningum við HSN, HSU og HSS og væri það í stanslausri vinnslu.

26. Fulltrúafing SLF var 12. maí 2017. Lögð fram ársskýrsla stjórnar og starfsnefnda. Einnig ályktanir um einkavæðingu, fjársvelli heilbrigðisstofnana, lífeyrismál sjúkraliða og húsnæðismál. Einnig var ályktun um styttingu vinnuvikunnar, en SLF fagnar tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um styttri vinnuviku sem staðið hefur yfir á annað ár, en því miður án vaktavinnuhópa. Samkvæmt rannsóknnum/könnunum hefur verkefnið skilað góðum árangri, bæði fyrir vinnuveitendur og starfsmenn.

Útskriftir og ferðalög

Fjórir sjúkraliðar útskrifuðust frá FNV 27. maí 2017, Elísa Ósk Ómarsdóttir, Gunnhildur Dís Gunnarsdóttir, Eva Rós Gunnarsdóttir og Sara B. Gröndal. Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir varaformaður deildarinnar mætti á útskriftina og færði þeim rós og lykill SLF. Vorið 2018 mun allavega einn sjúkraliði frá FNV útskrifast.

Þann 19. ágúst ætluðum við að gera okkur glaðan dag/helgi en því miður var engin þátttaka.

24. ágúst fór formaður í sjúkraliðaferð um Suðurland en það var Reykjavíkureild, Suðurlandsdeild og Suðurnesjadeild sem skipulögðu ferðina og var hún vel heppnuð í alla staði. Takk fyrir mig. Þessi ferð var í boði fyrir alla sjúkraliða á landinu.

Vinnufundur félagsstjórnar var haldinn 19. september 2017. Meðal annars var farið yfir stöðuna varðandi fagháskóla fyrir sjúkraliða og fyrirhugað Norðurlandamót í hjúkrun. Sjúkraliðarnir frá VMA sem sigruðu á síðasta Íslandsmeistaramóti munu taka þátt í norrænu keppninni sem verður í Osló í Noregi 24. maí 2018. Einnig var fjallað um réttindi íslenskra sjúkraliða í Danmörku, orlofsmál, ráðstefnu um öldrunarmál og fleira.

Bíóferð var farin 2. október og var ágætis mæting.

6. október 2017 sótti formaður Trúnaðarmannaráðstefnu BSBR í Reykjavík en umfjöllunarefnið var: Hvaða er trúnaðarmannakerfinu ætlað að þjóna, hvernig gengur að ná markmiðum þess og hvernig er hægt að bæta kerfið?

Fagháskóli og samningar

Á félagsstjórnarfund 11. október 2017 var meðal annars farið yfir væntanlegan „Fagháskóla“ og hver staðan væri varðandi námið í dag. Unnið er að því með Háskólanum á Akureyri að HA takið að sér fagháskólanámið og þá mun það verða á 5. hæfniprep. Búið er að gera sameiginlega umsókn til menntamálaráðuneytisins um að fagháskólanámið verði á vegum HA en gert er ráð fyrir því að það hefjist haustið 2019. Í framhaldi verður skoðað hvort brú verði fyrir þá sem eru búnir að klára sérnámið, þannig að það nám verði metið inn í háskólanámið til styttingar háskólanámsins. Beðið er eftir að umsóknin verði tekin fyrir og í framhaldi vonandi samþykkt af menntamálaráðuneytinu, fyrr fer HA ekki af stað og innan skólans er heilmiklu starfi ólokið fáist leyfi frá ráðuneytinu. Námið verður líklega tekið á 2 árum og verða 60 ECTS einingar.

Rætt var um útteilingar á potti ársins 2018 til uppfærslu stofnanasamninga. Niðurstaða kjaramálanefndar var að halda sig við áður kynnta hugmynd Gunnars Gunnarssonar hagfræðings Sjúkraliðafélagsins sem gengur út á að nýta pottinn til leiðréttingar og afstemmingar lélegustu stofnanasamninganna.

Trúnaðarmannaráðsfundur var haldinn 12. október. Guðrún Elín, Sigurlaug Dóra og Þóra Sverrisdóttir sóttu þann fund þar sem m.a. fjallað var um undirbúning að kjarakröfum félagsins. Farið verður af stað á næsta ári þannig ef nú er tími til að safna hugmyndum félagsmanna í hugmyndabankann. Frá og með janúar 2018 verður ráðstafað 45 milljörðum til endurskoðun á stofnanasamning.

Ingibjörg Jónsdóttir prófessor í Svíþjóð fór yfir nýjustu rannsóknir um veikindi og kulnun í starfi innan heilbrigðiskerfisins, mjög skemmtilegur fyrirlestur. Mér eru minnisstæð orð sem hún sagði: Vinnuveitandi ber ekki ábyrgð á einkalífi þínu eða heilsu, en vinnuveitandi ber ábyrgð á starfsumhverfi, vinnuskilyrðum og vinnuumhverfi.

Stefanía gjaldkeri lagði fram endurskoðaða og áritaða reikninga.



Af fundi.

Norðurlandsdeild eystri

Þá er enn eitt starfsárið liðið, en við funduðum nokkrum sinnum og einnig voru email-, facebook samskipti og símtöl.

Þetta ár svo eitthvað sé nefnt, héldum við upp á Evrópuðag sjúkraliða sem er 26. nóv. en við héldum upp á hann 7. des. og fengum 2 spákonur sem fræddu okkur um framtíðina og buðum upp á veitingar.

Í febrúar fórum við Kristín Helga og Bergþóra í VMA og kynntum deildina og félagið fyrir sjúkraliðanemunum og fengum mjög góðar móttökur en venjulega hefur Birna Ólafsdóttir frá fræðslunefnd SLFÍ komið og verið með kynninguna og við fengið að standa á hliðarlínunni, en okkur hefur þótt sú kynning heldur þung í vöfum og namar haft lítinn áhuga en að mæta með unga sjúkraliða með sér í svona kynningu er miklu áhrifameira svo við komum til með að halda þessu áfram

Í febrúar fengum við Önnu Lóu eiganda Hamingjuhorsins til að fjalla um það sem okkur öll dreymir um að upplifa – Meiri hamingju, mjög góður fræðsla en ekki vel sótt en svo virðist sem facebook auglýsingin hafi farið fram hjá mörgum en við erum búnar að bæta úr því.

Í mars var svo Íslandsmeistaramót í verk- og iðngreinum og þar áttum við 2 keppendur þær Berggrós Vala Marteinsdóttir og Amelía Ósk Hjálmarsdóttir sjúkraliðanemar frá VMA og þær

Stjórnarkjör

Formaður deildar var endurkjörinn. Sú breyting varð á stjórn að Stefanía Jónsdóttir gjaldkeri hættir og við tekur Svala Guðmundsdóttir.

Í stjórn: Guðrún Elín Björnsdóttir formaður, Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir varaformaður, Geirlaug Jónsdóttir ritari, Svala Guðmundsdóttir gjaldkeri, Albert Stefánsson meðstjórnandi og Birna Lúkasdóttir skoðunarmaður.

Á Fulltrúaping var Guðrún Elín Björnsdóttir kosin og til vara Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir.

Lögð var fram tillaga að fjárhagsáætlun deildarinnar og var hún samþykkt.

Önnur mál rædd, þ.á.m. sameiginlega vorferð með Norðurlandsdeild eystri, en fyrirhugað er að fara í apríl 2018 til Ólafsfjarðar.

Stjórnin hélt fimm stjórnarfundum og einn félagsfund á þessu starfsári. Notuðum mikið símann og emailsamskipti.

Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.

Stjórnin vill þakka góðar stundir á árinu.

komu sáu og sigruðu. Til hamingju með það. Og má bæta því við að VMA er búinn að sigra 2 keppnir í röð í hjúkrun, en þetta er haldið á 2ja ára fresti.

Í apríl fengum við Kristínu Bjarnadóttir til að vera með fyrirlestur um líknina, dauðann og lífið. En ekki var það vel sótt því miður en mjög góð fræðsla.

Við útbjuggum bækling til að gefa nýútskrifuðum sjúkraliðum en nú er breytt fyrir komulag hjá VMA og við verðum að senda nýjum sjúkraliðum kveðju frá SLFÍ og þennan bækling í pósti, VMA getur sem sagt ekki afhent þetta á útskriftinni en þeir gefa ennþá rósirnar frá okkur.

Í vor útskrifuðust 14 sjúkraliðar frá VMA.

Ég setti fram fyrirspurn á facebook síðuna okkar hverjir hefðu áhuga á framhaldsnámi í öldrunarhjúkrun og létu viðbrögðin ekki á sér standa.

SLFÍ hefur lengi barist í því að koma framhaldsnáminu á háskólastig og er nú sá draumur að verða af veruleika.

Tók grein af heimasíðu félagsins sem skýrir þetta vel HÁSKÓLINN Á AKUREYRI OG SJÚKRALIÐAFÉLAG ÍSLANDS SEMJA UM ÞRÓUN FAGHÁSKÓLANÁMS Í ÖLDRUNARHJÚKRUN FYRIR SJÚKRALIÐA

HA og SLFÍ hafa samið um að þróa sameiginlega fagháskólánám sem byggir á hæfnigreiningu fyrir nám á 4 þrepi í öldrunarhjúkrun fyrir starfandi sjúkraliða í samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Námið hefur þann tilgang að auka enn frekar hæfni sjúkraliða til að hjúkra öldruðum einstaklingum og vinna að heilsuefingu og forvörnum meðal aldraðra auk þess að auka sjálfstæði og ábyrgð sjúkraliða innan og utan stofnana og að svara þörfum fyrir aukna sérþekkingu. Jafnframt er það markmið verkefnisins að opna dyr fyrir sjúkraliða í háskólanám.

Lengri lífaldur einstaklinga og auknir meðferðarmöguleikar margra langvinnra sjúkdóma hafa leitt til breytinga á aldursamsetningu þjóðarinnar. Fleiri lifa nú á tímum með langvinna flókna sjúkdóma og fötlun. Afleiðingar þessa eru miklar breytingar á heilbrigðiskerfinu hér á landi sem erlendis, sem hafa kallað á enn auknar kröfur um menntun, sérhæfingu, samskiptahæfni, sveigjanleika, jafnrétti og sköpun.

Sjúkraliðar eru heilbrigðisstarfsmenn með lögverndað starfsheiti á Íslandi. Um 3.500 félagsmenn eru í Sjúkraliðafélagi Íslands, þar af um 2.000 starfandi.

Miðað er við að námið verði kennt með vinnu á tveimur árum og skiptist í almenna áfanga á heilbrigðissviði og sérhæfða áfanga á öldrunarsviði. Kennsla og verkefnavinna taki mið af miklu hópstarfi, umræðum og raunhæfri verkefnavinnslu út frá reynslu og tengt störfum nemenda í hinum ýmsu stofnunum innan heilbrigðiskerfisins.

Verkefnið hefur hlotið vilyrði um styrk úr fagháskólanámssjóði ASÍ, BSRB og SA ásamt því að sótt hefur verið um framlag frá



Snemma beygist krókurinn.

mennta- og menningarmálaráðuneytinu til þróunar námsins.

Námið byrjar sennilega haust 2019 en samt ekki alveg komið á hreint.

SLFÍ hélt trúnaðarmannaráðsfund núna í október og gaman að segja frá því þá held ég að allir nema einn trúnaðarmaður hafi drifið sig suður á þennan fund sem ég vona að allir hafi haft gaman og not af.

Mig langar að hvetja ykkur til að taka þátt í starfi SLFÍ og þegar uppstillinganefnd sendir frá sér auglýsingar endilega gefið kost á ykkur í nefndir, mjög fræðandi að taka þátt. Nú hefur Kristín formaður gefið það út að hún ætli ekki að gefa kost á sér áfram svo nú er tækifæri til að bjóða sig fram í formannsstöðuna.

En ég þakka fyrir mig, vona að næsta starfsár verði okkur ánægjulegt.

Austurlandsdeild

Talsvert af námskeiðum var í boði fyrir sjúkraliða á Austurlandi. Á Evrópudegi sjúkraliða var ýmislegt gert í fjórðungnum t.d. boðið upp á blóðþrýstings- og sykurmælingar fyrir íbúa. Í mars komu Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður sjúkraliðafélagsins og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri austur og héldu fundi á Neskaupstað og Egilsstöðum vegna stofnanasamninga. Eftir þann fund fór í gang endurskipulagning starfslýsinga sjúkraliða innan HSA og er sú vinna enn í gangi.

Vorfundurinn var haldinn á Vopnafirði 23. maí 2017 og þar fengum við góðar móttökur og skoðuðum Sundabúð, sem er hjúkrunarheimilið á staðnum. Það var mjög skemmtilegt og fróðlegt.

Else Möller var með skemmtilegan fyrirlestur fyrir okkur um lífið og tilveruna. Eftir það var súpa og brauð í boði í Kaupvangi, sem er menningar- og fræðasetur Vopnfirðinga, og jafnframt kaffi- og veitingahús.

Formaðurinn er búinn að fara á tvo félagsstjórnafundi og fulltrúaping.

Í haust fór tilvonandi formaður Helga Sveinsdóttir á fundi fyrir sunnan vegna þess að formaðurinn hafði ekki tæk á að fara vegna anna og veikinda. Stjórnin hefur haldið tvo fundi og Skype fundi. Því miður varð ekkert úr gönguferð sem að formann langaði að fara í síðasta sumar. Einnig er formanninn búinn að dreyma lengi um að fara erlendis með sjúkraliðum á Austurlandi og skoða sjúkrahús og hjúkrunarheimili þar, en hún vonar að næsta stjórn haldi þeirri vinnu áfram. Síðastliðið vor var enginn sjúkraliði útskrifaður frá Verkmenntaskóla Austurlands, en þeir verða þó nokkrir vorið 2018.

Nýja stjórn skipa;

Helga Sveinsdóttir formaður Neskaupstað, Soffía Sigbjörnsdóttir Neskaupstað, Brynhildur Sigurðardóttir Neskaupstað, Ásta Guðný Einþórsdóttir Eskifirði og Hafdís Rut Pálsdóttir Fáskrúðsfirði.

Vestmanneyjateild



Aðalfundur Vestmannaeyjateildar SLFÍ var haldinn í Líknarsalnum föstudaginn 27. október. Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna. Fundarstjóri var kosinn og Guðrún Eyðis Eyjólfsdóttir tók það að sér að þessu sinni. María Rós Sigurbjörnsdóttir, Anna Gerða Bjarnadóttir og Vilborg Stefánsdóttir gengu úr stjórn og þökkum við þeim fyrir vel unnin störf, Sonja Ruiz Martinez, Sigríður Guðbrandsdóttir og Ragnheiður Lind Geirsdóttir komu nýjar inn í stjórn og aðrir í stjórn gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Ágætis mæting var á fundinn og var boðið upp á smárétti frá Einsa kalda.

Formaður fór yfir starf deildarinnar á síðasta starfsári.

Aðalfundur Vestmannaeyjateildar 2016 var haldinn föstudaginn 25. nóvember í Arnardrangi og var vel mætt á fundinn. Guðný Bjarnadóttir kom frá Alzheimer stuðningsmannafélag í Vestmannaeyjum og kynnti fyrir okkur starfsemi þess.

Á Evrópudaginn buðu sjúkraliðar á Hraunbúðum vistmönnum og samstarfsfólki til kaffisamsætis og sjúkraliðar á HSU buðu sínum skjólstæðingum og samstarfsfólki einnig til kaffisamsætis í tilefnis Evrópudagsins og Finnur öukukennari kom með nikkuna og spilaði nokkur skemmtileg lög.

Þrjú félagsfundir hafa verið haldnir á starfsárinu, vorkundur var haldinn 4. mars á HSU og var boðið upp á súpu sem stjórnin sá um að útbúa. Anna Guðný Magnúsdóttir kom og sagði okkur frá starfi Einhug félag aðstandenda einhverfa í Vestmannaeyjum.

17. maí var haldinn fundur í fundarsal HSU og boðið var upp á Bruns. Á þeim fundi var farið yfir undirbúning Berlínarferðarinnar.

Í enda apríl fóru um 30 sjúkraliðar til Berlínar í ógleymanlega

ferð sem Sigga Gísla og Hafdís Sig í ferðanefnd skipulögðu. Í Berlín skoðuðum við heilabilunardeild á öldrunarheimilinu Bethanien Haus Bethesda. Með Berlínunum fórum við í sælkeruferð og múrtúr.

Illu gekk að finna dag til að sinna Sjúkraliðalundinum en dagurinn sem við ætluðum að fara var leiðinda veður og ekkert varð að því að farið var, Rósa og Erna kíktu sínar reglulegu eftirlitsferðir og huguðu að lundinum.

27. september var haldin fundur í fundarsal HSU og að þessu sinni var boðið upp á heita rétti og tertur sem stjórn sá um. Sigríður Gísladóttir kom til okkar og fræddi okkur um starfsemi Krabbavarna í Vestmannaeyjum.

Formaður hefur farið á tvo félagstjórnarfundir til Reykjavíkur og einn í Munaðarnesi og Trúnaðarmannaráðstefnu sem BSRB hélt í byrjun október, en komst ekki á einn formannafund og trúnaðarmannaráðsfund og varaformaður komst ekki heldur og var því engin frá okkur á þeim fundum.

27. október 2017

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Formaður Vestmannaeyjateildar SLFÍ.

Vilborg Stefánsdóttir lagði fram ársreikninga deildarinnar sem voru samþykktir.

Félagsmenn Vestmannaeyjateildar ætla að hafa sama hátt á og undanfarin ár, að bjóða sínum skjólstæðingum til kaffisamsætis á Evrópudaginn.

Jólafundarnefnd ætlar að hafa fund 25. nóvember sem verður auglýstur síðar.

Gengið var til kosninga til setu í stjórn og nefndum.
Afmælisnefnd er á fullu að undirbúa afmælishátíðina sem verður haldin 2. febrúar í Golfskálanum.

Ný stjórn deildarinnar:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir Formaður
Sonja Ruiz Martinez Varaformaður
Ragnheiður Lind Geirsdóttir Gjaldkeri
Dagmar Skúladóttir Ritari
Sigríður Guðbrandsdóttir Meðstjórnandi.
Trúnaðarmenn:
Sólveig Þóra Arnfinnsdóttir HSU
Erna Þórsdóttir vara HSU
Sonja Ruiz Martinez Hraunbúðir
Sigurleif Guðfinnsdóttir vara Hraunbúðir

Skoðunarmenn reikninga:

Erna Þórsdóttir
Sigríður Gísladóttir

Fræðslunefnd:

Erna Þórsdóttir
Kristín Sjöfn Ómarsdóttir

Kjaramálanefnd:

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

Afmælisnefnd:

Hjördís Kristinsdóttir
Hafdís Sigurðardóttir
Ingibjörg Þórhallsdóttir
Vilborg Stefánsdóttir



Jólaskemmtinefnd:

Starfsfólk á Sambýlinu

Uppstillingarnefnd:

Sonja Ruiz Martinez
Berglind Sigvarðsdóttir

Ferðanefnd:

Guðrún Eydís Eyjólfssdóttir
Anna Guðný Magnúsdóttir
Berglind Sigvarðsdóttir

Suðurlandsdeild

Starfsár Suðurlandsdeildar var með hefðbundnu sniði síðastliðið ár. Aðalfundurinn var haldin 2. nóvember 2016 í Skyngerðinni Hveragerði. Fundarstjóri var kosinn Aldís Þórunn Bjarnardóttir. Tveir stjórnarmenn voru búnir með sín kjörtímabil, Aðalheiður Einarsdóttir og Aldís Þórunn Bjarnardóttir. Aldís gefur kost á sér áfram og er það samþykkt. Aðalheiður hættir og í hennar stað er kosin Guðbjörg Sigrún Stefánsdóttir. Á fulltrúapingið í maí eru kosnar Helga Sveinsdóttir og Margrét Auður Óskarsdóttir. Í kjörstjórn hætti Magnea Valdimarsdóttir og í hennar stað kemur Ólafía Eyrún Sigurðardóttir og áfram verða Þóra Bjarney Jónsdóttir og Guðbjörg Stefánsdóttir. Skoðunarmenn reikninga verða

áfram þær Guðrún Ágústsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. Næsta skemmtinefnd skipar vinnustaðurinn Ás í Hveragerði. Eftir fundinn fór Gunnar Örn Gunnarsson yfir lífeyrismál og svaraði spurningum. Fráfarandi skemmtinefnd sjúkraliðanna á Heilsustofnunarinnar í Hveragerði stóð síðan fyrir að Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir las upp úr bók sinni Samskiptaboðorðin. Happadrætti og fleyrri gamanmál. Að lokum var boðið upp á léttan kvöldverð.

Fjórir félagsstjórnar fundir hafa verið sóttir auk fulltrúapingsins og trúnaðarráðsfundar. BSRB hélt síðan fund í október um stöðu trúnaðarmanna sem formaður sótti. Stjórnin hélt fjóra fundi á árinu auk óformlegra funda með samskiptamiðlum.



Frá Evrópudegi sjúkraliða.

Trúnaðarmenn Suðurlandsdeildar komu saman í mars og báru saman bækur sínar, vettvangur til að kynna og heyra hvað aðrir eru að gera.

Fræðslunetið hélt námskeið fyrir sjúkraliða bæði á haust og vorönn. Þar er aðstaða góð og utnumhald til fyrirmyndar.

Engin sjúkraliði útskrifaðist á árinu frá FSu en stór útskrift er framundan.

Stofnanasamningsnefnd HSU hélt fjölmarga fundi. Semja þurfti um pott sem tók gildi 1. júní 2016. Ekki tókst að lenda þessu fyrr en 23. maí 2017. HSU er fjölmennasti vinnustaður sjúkraliða á Suðurlandi svo mikið er í húfi að vel takist til. Lengi hefur verið barist fyrir því að heimahjúkrun Heilsugæslunnar yrði aðili að stofnanasamningnum. Þetta tókst og kemur til framkvæmda í tveimur þrepum og verður orðið eins og við óskuðum 2019.

Á síðasta aðalfundi var samþykkt að fara út í að rukka félagsgjald í Suðurlandsdeildina. Eins og glöggir félagsmenn hafa tekið eftir hefur engin fengið slíka rukkun. Fljótlega eftir fundinn í fyrra kom fjáröflun upp í hendurnar á okkur sem við stukkum á. Þar voru þrífir orlofsíbúð félagsins í Fellsmúla í Reykjavík. Við fórum tvær í byrjun

maí og gerðum hreint og fengum 60 þúsund í sjóð deildarinnar sem nýttist í ferðalög eða eitthvað slíkt. Þetta verður aftur í boði í vor og vonandi komast fleiri þá og gera sér glaðan dag yfir helgi í höfuðstaðnum.

Við höfum ekki verið aðilar að 1. maí hátíðarhöldunum hér á Selfossi. Það varð breyting þar á í vor og fór formaður á nokkra undirbúningsfundi. Síðan þurfti að útvega fána og flögg fyrir kröfugönguna. Nokkrir mættu í roki og rigningu og hlýddu síðan á hátíðarræðuna hjá formanni félagsins Kristínu Á. Guðmundsdóttir. Nú er ekkert annað í boði en fjölmenna á næsta ári.

24. ágúst fórum við í haustferð um Suðurland með Reykjavíkurdeild og Suðurnesjadeild, Frábær ferð sem tókst vel í alla staði. Stefnt er á að fara til Vestmannaeyja að ári.

Evrópudagurinn 26, nóvember bar upp á laugardag og voru sjúkraliða hvattir til að koma með góðgæti með sér í vinnuna og gleðja samstarfsmenn sína. Við á HSU færðum þetta fram um dag og buðum upp á morgunkaffi, nýbakaðar vöflur með rjóma í anddyri HSU.

Ég vil þakka öllum sem hafa lagt fram vinnu fyrir deildina og félagið sitt. Það er mikilvægt að þið sýnið því áhuga og spyrjið spurninga. Eins er alltaf gott að leita til skrifstofunnar á Grensásvegnum en hún er öllum sjúkraliðum opin.



Suðurnesjadeild

Aðalfundur Suðurnesjadeildar SLFÍ var haldinn í fundarsal Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja þriðjudaginn 24. október 2017 síðastliðinn. Auk hefðbundinna verkefna aðalfundar flutti Elín Guðmundsdóttir frá Streituskóla forvarna fyrirlestur um streitu.

Viktoría Magnúsdóttir formaður deildarinnar flutti ársskýrslu stjórnar og þar kom eftirfarandi fram:

28 sjúkraliðar mættu á síðasta aðalfundur deildarinnar var haldinn 27. október 2016. Fundarstjóri var Ólafía Guðrún Bragadóttir og fundarritari Sigríður Jóna Jónsdóttir. Gengið var til dagskrár. Ólafía Guðrún Bragadóttir, Ása Kristveig Þórðardóttir

og Brynja Hafsteinsdóttir gengu úr stjórn Í þeirra stað gengu í stjórn Jóhanna Jóhannesdóttir, Jóna Kristjana Sigurðardóttir og Grazyna Wroblewska.

Lögð var fram fjárhagsáætlun og hún samþykkt. Erla Sigurðardóttir og Valdís Þórarinsdóttir hættu sem endurskoðendur reikninga og í þeirra stað komu Helga Kristín Guðmundsdóttir og Guðmunda Benediktsdóttir.

Fimm stjórnarfundir

Á síðasta ári voru haldnir 5 stjórnarfundir og á fyrsta

stjórnarfundir þann 14. nóvember 2016 skipti stjórnin með sér verkum. Ákveðið var að Jóhanna Jóhannesdóttir yrði varaformaður, Ingibjörg Anna Bjarnadóttir yrði áfram gjaldkeri, Matthildur Ólöf Guðmundsdóttir yrði áfram ritari, Jóna Kristjana Sigurðardóttir meðstjórnandi og Grazyna Wroblewska varamaður.

Helstu verkefni þetta árið fyrir utan stjórnarfundir var að Viktoría Magnúsdóttir sat árlegt fulltrúaþing SLFÍ í maí. Að auki sat formaður 3 félagsstjórnarfundir, trúnaðarmannsráðsfund SLFÍ, fór á vinnufund félagsstjórnar sem haldinn var í Munaðarnesi, sat fundi í stýrihóp um bókun 10 (stubbavaktir), fór á námskeið í gerð stofnanasamninga, og var í 50 ára afmæli SLFÍ sem var stórglæsilegt, þar sem Suðurnesjadeildin ásamt nokkrum öðrum deildum gáfu SLFÍ máverk að gjöf. Að lokum fór formaður á trúnaðarmannaráðstefnu BSRB sem var mjög áhugaverð og skemmtileg.

Nýir sjúkraliðar

Jóhanna Jóhannesdóttir varaformaður var við útskrift sjúkraliða hjá Fjölbautaskóla Suðurnesja í maí þar sem 6 sjúkraliðar útskrifuðust og veitti þeim viðurkenningu og blóm. Um jólin var Ingibjörg Anna Bjarnadóttir við útskrift sjúkraliða þar sem 1 sjúkraliði útskrifaðist og veitti henni viðurkenningu og blóm.

Formaður hafði samband við alla trúnaðarmenn og fór með þeim yfir stöðuna á þeirra vinnustað.

Evrópudagur sjúkraliða er haldinn 26. nóvember ár hvert, við hældum upp á hann 24. nóvember á kaffi Duus þar mættu 2 sjúkraliðar.

Haldin var árleg jólagleði, farið á jólahlaðborð á VOCAL veitingastaðnum við undirleik Tríós Björns Thoroddsen. Sjúkraliðar voru mjög ánægðir með þetta.

Verferð sjúkraliða var aflýst vegna dræmrar þátttöku.

Haustferð og námskeið

Farið var í hina árlegu haustferð 24. ágúst, í þetta sinn um Suðurlandið. Þetta var mjög vel heppnuð og skemmtileg ferð. Skorað var á formenn þriggja deildanna - Reykjavíkudeild, Suðurlandsdeild og Suðurnesjadeild - að endurtaka haustferð að ári. Kom upp hugmynd um að fara til Vestmannaeyja í næstu haustferð og svöruðu formenn deildanna þriggja að farið yrði til Vestmannaeyja að öllu óbreyttu.

Haldinn voru 3 námskeið í samvinnu við Símenntun: Sjúkleg streita, Geðræn vandamál aldraða og Atferlismeðferð við svefnleysi.



Frá haustferð Suðurnesjadeildar.

Formaður fór yfir skráningu trúnaðarmanna sem er í góðum málum alls staðar nema í Dagdvölinni og í Selinu en þær kjósa að hafa engan trúnaðarmann. Næst á að skipta um trúnaðarmenn fyrir 30. september 2018 og eftir það annað hvert ár.

Samningamál

Enn þá er óánægja með stubbavaktir og eru sjúkraliðar orðnir langþreyttir á þessu. Nefnd um bókun 10 (stubbavaktir) er búin að kynna verkefnið fyrir framkvæmdarstjórn H.S.S og er þetta í skoðun.

Gera átti nýjan stofnanasamning við sjúkraliða á HSS 1. júní 2016, en núna fyrst er farið að funda til að reyna að ná saman um nýjan stofnanasamning. Meðal annars um bókun sem var gerð um heimahjúkrun í fyrri stofnanasamning sem bæði HSS og SLFÍ skrifuðu undir og varða það að aðilar eru sammála um að í stofnanasamningi þurfi að taka á þeirri ábyrgð sem fylgir störfum í heimahjúkrun.

Ekki er borgað fyrir ferðir þó svo að ekki séu strætósamgöngur sem hægt er að nýta sér á allar vaktir. Einnig er ekki greitt samningsbundið fæðisfé á kvöldin og um nætur þegar mötuneytið er lokað.

Útdráttur úr skýrslum sérdeilda

Deild sjúkraliða með sérnám

Stjórn deildarinnar er þannig skipuð:

Formaður: Halldóra Lydía Þórðardóttir.

Varaformaður: Magdalena S. Kristinsdóttir.

Gjaldkeri: Jakobína Rut Daníelsdóttir.

Ritari: Bára Hauksdóttir.

Meðstjórnandi: Þórdís Hannesdóttir.

Varamaður: Jóhanna Traustadóttir.

Þann 17. desember síðastliðinn vorum við með hóf til heiðurs 18 útskriftarnemum sem voru fyrstu sjúkraliðarnir með sérnám á fjórða hæfnisstigi framhaldsskólanna. Til móttökunnar komu nemendur, kennarar, stjórn SLFÍ og aðrir gestir. Fólk naut samverunnar, málin rædd og skálað. Daginn eftir, eða þann 18. desember 2015, var formaðurinn viðstaddur hátíðlega athöfn í Heilbrigðisskólanum við Ármúla þar sem nemendur voru útskrifaðir og fengu rós í tilefni dagsins frá deildinni.

Hið árlega bíókvöld deildarinnar var haldið 14. janúar. Myndin sem við sjáum heitir Íris og fjallar um skáldkonuna Írisi og baráttu hennar við Alzheimer. Eftir sýninguna ræddum við þennan erfiða sjúkdóm og afleiðingar hans. Það er góð aðstaða til að horfa á kvikmynd á breiðtjaldinu í félagsmiðstöðinni okkar og að sjálfsgöðu var boðið upp á popp og kók eins og í alvöru bíói.

Fræðsludagur Deildar sjúkraliða með sérnám var haldinn í húsi BSRB á Grettisgötu þann 6. apríl 2016. Eins og undanfarin ár höfum við miðlað fræðslunni til landsbyggðarinnar í gegnum fjarfundabúnað. Staðirnir sem voru með að þessu sinni voru HVE á Akranesi, HVE á Stykkishólmi, HSU á Selfossi, Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks, Heilbrigðisstofnun Blönduóss og Vestmannaeyjar.

Fyrirlesarar dagsins voru:

Júlíana Sigurveig Guðjónsdóttir hjúkrunarstjóri í Sóltúni. Fyrirlestur hennar fjallaði um framþróun í umönnun fólks með heilabilun.



Þann 20.11.17 fór fram formannskjör fyrir fagdeild SLFÍ og var Þórdís Sigríður Hannesdóttir kosin en Halldóra Lydía Þórðardóttir hafði gegnt því embætti í 2 ár áður.

Helga Birgisdóttir (Gagga) hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og með BA gráðu frá Listaháskóla Íslands. Fyrirlestur hennar fjallaði um hugmyndafræði hennar sem hún nefnir SMILER. Smiler getur öllu breytt, við erum öll skaparar, með hugsunum okkar, orðum og athöfnum.

Fræðsludagur Deildar sjúkraliða með sérnám er opinn öllum sjúkraliðum þeim að kostnaðarlausu. Það er mikil vinna að standa að fræðsludegi sem sendur er út í fjarfundabúnaði og því miður hefur tæknin of oft verið okkur til trafala og mætingin á báðum stöðum ekki nógu góð miðað við kostnað og umfang vinnu. Því verður það tillaga mín að við endurskoðum fræðsludaginn og spyrjum okkur hvað við getum gert betur til að ná betur til sjúkraliða.

Tvö stórafmæli voru á árinu. Þann 19. september átti Reykjavíkurdeild SLFÍ 25 ára afmæli og 21. nóvember átti SLFÍ 50 ára afmæli og hélt upp á það þann 18. nóvember. Fulltrúar deildarinnar mættu í bæði þessi afmæli og færðu deildunum blóm.

Eftirlaunadeild

Deildin telur nú 630 félag. 5 fundir voru haldnir á starfsárinu 2016 til nóvember 2017. 50 ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands var haldið í nóvember 2016 og og tókst með ágætum.

Fulltrúaðing SLFÍ var haldið í maí en þar á eftirlaunadeildin tvo fulltrúa. Sumarferðin var farin í júní. Ekið var austur á Eyrarbakka og söfn skoðuð, þaðan var ferðinni haldið

áfram austur á Hellu þar sem vel var tekið á móti okkur á öldrunarheimilinu Lundi. Hjúkrunarforstjórinn Margrét bauð upp á kaffi og meðlæti. Við gáfum heimilinu fallega gúmmíplöntu. Þá var ferðinni heitið á Sólheima, en þar var þorpið skoðað með leiðsögn. Kvöldverður var síðan snæddur á Laugavatni. Ferðin tókst vel og komust færri en vildu. Biðlisti var langur og ekki allir ánægðir að komast ekki með.

26. Fulltrúaþing SLFÍ var haldið 12. maí 2017

Góð mæting var á þingið sem stóð í einn dag. Miklar og góðar umræður áttu sér stað og var unnið í starfshópum að helstu málaflokkum sem félagið lagði áherslu á.

Á þinginu voru samþykktar ályktanir þar sem mótmælt var harðlega þeirri einkavæðingu sem fram hefur farið síðustu ár í heilbrigðiskerfinu.

Einnig var mótmælt þeim hugmyndum sem voru uppi um að einkavæða Fjölbrotaskólann við Ármúla.

Mikill meirihluti landsmanna, rúm 80%, vill að menntun og heilbrigði þjóðarinnar sé fjármagnað á samfélagslegum grunni," sagði í ályktun sem samþykkt var á fulltrúaþinginu. „Síðasta ríkisstjórn og sú sem þá sat höfðu markvisst böðlast áfram í einkavæðingaráformum sínum þrátt fyrir gjaldþrot þjóðarinnar í kjölfar síðustu einkavinavæðingar. SLFÍ gerir kröfu um jafnan og gjaldfrjálsan aðgang allra landsmanna að öflugum heilbrigðis- og menntakerfi óháð efnahag og búsetu. Félagið hafnar algjörlega hverskyns markaðs- og einkavæðingu,



Forsetar 26. Fulltrúaþings. Marín Jónsdóttir og Kristín Ólafsdóttir.



Félagsmenn á 26. fulltrúaþingi SLFÍ.

byggðum á hagnaðarsjónarmiðum og forgangi fárra útvaldra," sagði ennfremur í ályktuninni.

Fulltrúaþingið fjallaði einnig um fjársveldi heilbrigðisstofnana og samþykkti ályktun þar sem þess var krafist „að tilflutningur á fjármagni frá opinberum heilbrigðisstofnunum yfir til einkarekinnar læknastofa verði stöðvaður strax. Það liggur fyrir að enn eitt árið var stjórnendum Landspítala Háskólasjúkrahúss og annarra heilbrigðisstofnana ríkisins gert að skera verulega niður í rekstri stofnananna þrátt fyrir ítrekuð loforð stjórnmalamanna um hið gagnstæða fyrir kosningar. Á sama tíma höfðu stjórnvöld aukið fjármagn til einkarekinnar heilbrigðisþjónustu um 40%. Þingið tók undir áhyggjur Birgis Jakobssonar landlæknis, um að þessi þróun íslenska heilbrigðiskerfisins ógni öryggi sjúklinga þar sem okkar færustu sérfræðilæknar eru „einkavæddir“ á stofu úti í bæ, en sinna ekki veikustu sjúklingum kerfisins á spítölunum," sagði ennfremur í yfirlýsingu fulltrúaþingsins.



Ein af starfsnefndum 26. Fulltrúaþings.

Framvegis - miðstöð um símenntun

Framvegis er í eigu Sjúkraliðafélag Íslands, SFR – stéttarfélag í almannajónustu og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Hjá Framvegis miðstöð símenntunar hafa sjúkraliðar sótt námskeið frá upphafi starfsemi miðstöðvarinnar.

Framvegis er framsækin símenntunarmiðstöð með það að markmiði að bjóða metnaðarfullt nám og námskeið fyrir fullorðna sem svara þörfum atvinnulífsins. Hjá Framvegis er námsmaðurinn í fyrirrúmi og lögð áhersla á að hann eigi jákvæða og lærdómsríka upplifun. Lögð er áhersla á virka þátttöku námsmanna og fjölbreyttar kennsluáðferðir.

Framvegis miðstöð símenntunar hefur hlotið EQM gæðavottun (European Quality Mark) en með því hefur verið

staðfest að Framvegis standist evrópskar kröfur um gæði fræðsluáðila.

Framvegis er aðili að Kvasir samtökum fræðslu- og símenntunarstöðvar og Leikn samtökum fullorðinsfræðslu.

Framvegis – miðstöð símenntunar er fyrsti viðurkenndi námskeiðshaldarinn sem hlýtur starfsleyfi frá Samgöngustofu vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra en leyfið hlaust síðast liðinn miðvikudag. Í því felst að skipulag, innihald og fagstjórn námskeiða hjá Framvegis taki mið af þeim kröfum sem gerðar eru til námskeiðshaldara, bæði í námskrá Samgöngustofu og opinberum reglugerðum er varða endurmenntun bílstjóra.



Aðild félagsins að bandalögum

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja BSRB

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eru langstærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Öll sambönd og félög opinberra starfsmanna geta orðið aðilar að BSRB. Auk þess eiga rétt til aðildar sambönd og félög starfsmanna fyrirtækja og stofnana sem starfa í almannapágu og einstaklingar í opinberri þjónustu sem ekki eiga rétt til aðildar að neinu bandalagsfélagi. Aðildarfélög BSRB eru 27 talsins og er fjöldi félagsmanna rúmlega 20.000. Um tveir þriðju félagsmanna eru konur. BSRB var stofnað 14. febrúar 1942. Á skrifstofu BSRB eru 10 starfsmenn sem annast ýmis störf fyrir samtökin og aðildarfélög þess. Meðal þess sem skrifstofan annast er hagfræði- og lögfræðiþjónusta við félögin. Þá gefur bandalagið út BSRB-tíðindi og miðlar upplýsingum í formi upplýsingablaða til félaganna. Auk þess sér skrifstofan um



Birna Ólafsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir á PSÍ þingi

alhliða upplýsingaþjónustu við aðildarfélög BSRB, svo sem upplýsingar um réttindi og kjör, samninga og ýmislegt fleira.

BSRB er aðili að erlendum samtökum, ýmist með beinni aðild eða í gegn um stéttarfélögin.

Formaður félagsins Kristín Á. Guðmundsdóttir og Árni Stefán Jónsson formaður SFR sóttu þing PSÍ fyrir hönd bandalagsins ásamt Birnu Ólafsdóttur frá Sjúkraliðafélagi Íslands og fulltrúum frá SFR. Þingið var haldið í nóvember 2017 í Genf.

Yfirskrift þingsins var
“Fólk umfram gróða”

Hugmyndir um einkavæðingu í opinbera geiranum, til dæmis í heilbrigðiskerfinu, vekja áhyggjur víðar en á Íslandi og eru eitt af umræðuefnum á heimsþingi Public Service International

(PSI), alþjóðlegra heildarsamtaka opinberra starfsmanna, sem fulltrúar BSRB og aðildarfélaga bandalagsins sóttu í nóvember síðastliðinn.

Umræðuefnin á þinginu sem var haldið í Genf eru fjölmörg. Yfirskrift þingsins er „fólk umfram gróða“ (e. people over profit). Á þinginu er farið yfir helstu stefnu- og baráttumál PSI á heimsvísu. Málafnin eru fjölmörg og meðal annars þess sem er rætt um einkavæðingin sem virðist tröllríða öllum opinberum stofnunum hvar sem er í heiminum. Þá er fjallað um baráttu einstakra þjóða, svo sem baráttu Filippseyinga fyrir viðurkenningu á réttindum starfsmanna og baráttu japanskra slökkviliðsmanna til að stofna stéttarfélög í skugga kjarnorkugeislunar og jarðskjálfta.

Á þinginu er einnig fjallað um öryggi heilbrigðisstarfsmanna, hvort heldur sem er á Vesturlöndum eða í miðjum Ebólufaraldri í Líberíu, og baráttuna gegn skattaundanskotum stórfyrirtækja, sem er umfangsmikil og á alheimsvísu. Þá er einnig fjallað um mannréttindi, umhverfismál, innflytjendur og mikilvægt framlag þeirra til vinnumarkaðarins, flóttafólk og mögulega fjölgun þeirra í framtíðinni, nýjar áskoranir, framtíðarvinnumarkaðinn, tæknibreytingar og fjölmargt fleira.

Framtíðin er okkar að móta

Þingið sátu fulltrúar stéttarfélaga og bandalaga innan PSI frá 150 aðildarlöndum. Fulltrúar Íslendinga frá BSRB og aðildarfélögum þess voru Árni Stefán Jónsson, fyrsti varaformaður BSRB og formaður SFR stéttarfélags,



Fulltrúar BSRB á alþjóðlegri ráðstefnu PSI í Genf.




Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins, og Þórarinn Eyfjörð og Sólveig Jónasdóttir frá SFR.

Alheimsþingið er haldið á fimm ára fresti og þar eru teknar ákvarðanir um framkvæmdaáætlanir næstu ára og litið bæði til fortíðar og framtíðar. Ályktanir þingsins eru fjölmargar og taka oft mikinn tíma í vinnslu þegar svo margar þjóðir koma að borðinu, en í þeim birtist meðal annars sameiginlegur skilningur okkar á stefnu PSI og framkvæmd hennar.

Guy Ryder, forseti Alþjóðavinnuáætlunastofnunarinnar (ILO), var gestur á þinginu og tók meðal annars þátt í umræðum um framtíðarvinnuáætlunina. Þar bað hann fólk að varast að tynast í tölum og útreikningum um fjölda nýrra starfa í vangaveltum sínum um framtíðarvinnuáætlunina. Þess í stað þurfi að einbeita sér að kröfunni um lýðræði framtíðarinnar, tryggja félagslega virkni og leysa úr verkefnum mikilla fólksflutninga.

Rosa Pavanelli, forseti PSI, og fleiri töluðu á svipuðum





PSÍ í Genf

nótum. Í máli hennar kom fram að í framtíðinni verði valdið fólgið í þekkingu á tækninni og það þyrfti að tryggja að það vald væri í réttum höndum. Ekki sé hægt að taka breytingum framtíðarinnar sem fórnarlömb heldur verði að taka þeim sem þátttakendur og höfundar. Framtíðin sé okkar að móta.

Lagt er til að aðildarfélög BSRB skoði þann möguleika að taka alfarið yfir þátttöku við starfsemi PSI, EPSU og NOFS ásamt undirnefndum EPSU. Félögin skulu fyrir 1. október 2018 tilkynna til BSRB hvort þau æski þess að taka yfir þátttökuna og hvernig samstarfi félaganna verður háttað. Verði af slíku samstarfi er hægt að taka samskonar fyrirkomulag og er á starfi félaganna vegna NTR og koma á fót samstarfsnefnd. Verði það niðurstaðan mun það verða frá 1. janúar 2019.

Erlent samstarf

EPN - The European Council of Practical Nurses

Sjúkraliðafélag Íslands er aðili að EPN frá upphafi stofnunar sambandsins.

Markmið með sambandinu er að tengja saman sjúkraliða í Evrópu, deila viðburðum og nýjungum í heilbrigðisþjónustunni. EPN heldur fagráðstefnur annað hvert ár.

Næsta þing samtakanna verður haldinn í Færeyjum í júní nk. og mun verða haldinn fagráðstefna í tengslum við þingið.

PSI

Lagt er til að aðildarfélög BSRB skoði þann möguleika að taka alfarið yfir þátttöku við starfsemi PSI, EPSU og NOFS ásamt undirnefndum EPSU. Félögin skulu fyrir 1. október 2018 tilkynna til BSRB hvort þau æski þess að taka yfir þátttökuna og hvernig samstarfi félaganna verður háttað. Verði af slíku samstarfi er hægt að taka samskonar fyrirkomulag og er á starfi félaganna vegna NTR og koma á fót samstarfsnefnd. Verði það niðurstaðan mun það verða frá 1. janúar 2019.



Stjórn EPN.

